



ROLEX
Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900 • WWW.SVISS.IS

MARKAÐURINN

Lausnir
að halda haus...??!!
nánar www.lausnir.is

Miðvikudagur 19. mars 2008 – 12. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Arðgreiðslur
Dragast saman um helming



FL Group
Ris og fall



Formúlan
Glamúr og peningar



Á HELLISHEIÐI Orkuveita Reykjavíkur virkjar jarðvarma á Hellisheiði í nágrenni höfuðborgarinnar. MARKAÐURINN/GVA

Heildsalan dýr

„Mér er það óskiljanlegt hvernig þeir sem kaupa megnið af sinni orku af Landsvirkjun fara að því að selja rafmagnið aftur til neytenda á svipuðu verði og við,“ segir Hjörleifur Kvaran, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, spurður hvers vegna svo stór aðili geti ekki boðið almenningi betur en raun ber vitni.

Hjörleifur segir að Orkuveitan framleiði sjálf um helminginn af því rafmagni sem hún selur almennum notendum. Það kosti mun minna en það sem sé keypt af heildsalanum Landsvirkjun.

„Það sem við framleiðum sjálfir gerir okkur kleift að bjóða rafmagnið á 3,52 kr. á kílóvattstund,“ segir Hjörleifur. - **ikh / Sjá síðu 12**

TrackWell
Tíma- og verkskráning
Flotastýring og eftirlit
www.trackwell.com

FRÉTTIR VIKUNNAR

Milljarðar í vaskinn | Stærstu hluthafar fjárfestingarfélaganna FL Group og Existu hafa misst 100 milljarða af eignum sínum það sem af er árinu. Gengi beggja félaga hefur lækkað um rúm fjörutíu prósent á þeim rúmu tveimur og hálfu mánuði sem liðinn er af árinu.

Skoða nýmarkaði | „Við erum að skoða sérstaklega tækifæri sem fæðast við breytingar á alþjóðlegum mörkuðum,“ sagði Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs, á ráðstefnu í New York í síðustu viku. Nefndi hann sérstaklega Rússland en líka Indland og Kína. Þetta væru vaxtamarkaðir á meðan þróaðri markaðir væru að minnka í hlutfalli við þá.



Vinsæll forsætisráðherra | Fjölmarginir bandarískir fjölmiðlar, svo sem frá Reuter og Bloomberg, óskuðu eftir viðtali við Geir H. Haarde forsætisráðherra sem í síðustu viku kynnti íslenskt efnahagslíf í New York í Bandaríkjunum.

Fresta skoðun | Evrópsk samkeppnisyfirkönd hafa framlengt frest vegna skoðunarásamkeppnilegum áhrifum kaupna Marel Food Systems á Stork Food Systems til 21. apríl næstkomandi. Framlengingin er tilkomin vegna þess að uppfæra þurfti tæknilegar upplýsingar en ekki vegna samkeppnisréttarlegra sjónarmiða.

Tryggja fjármögnun | Glitnir ætla að gefa út breytileg skuldbréf upp á allt að fimmtán milljarða króna sem síðar verður breytt í hlutabréf í bankanum.

Í skoðun að rýmka lánskjör bankanna

Stjórnvöld funda um fjármálastöðugleika. Forsætisráðherra tekur fyrir aðkomu ríkisstjórnarinnar. Krónan fellur áfram.

Björgvin Guðmundsson og Ingimar Karl Helgason skrifa

„Við höfum hugað að því að bankarnir fái rýmri kjör hjá Seðlabankanum. Ekki í neinum stórum stíl þó. Við höfum átt nán samtöl við forystumenn bankanna, en ekki er búið að ljúka þeim öllum,“ sagði Davíð Oddsson seðlabankastjóri í samtali við Markaðinn í gær. Hann vildi ekki greina nánar frá samskiptum sínum við forystumenn bankanna, en þeir funduðu í Seðlabankanum í fyrradag.

Bolli Bollason, ráðuneyttisstjóri í forsætisráðuneytinu, kallaði í gær saman samráðshóp til að fjalla um fjármálastöðugleika í landinu. Krónan hélt áfram að hrífalla gagnvart erlendum gjaldmiðlum fram eftir degi. Margir sem Markaðurinn talaði við sögðu að opinberir aðilar yrðu að grípa inn í núverandi aðstæður.

Bolli segir að farið hafi verið yfir stöðuna og þróun undanfarinna daga. Ýmsar hugmyndir séu ræddar á þessum fundum, sem haldnir séu reglulega. Hópnun er ætlað að vera ráðgefandi en taki ekki ákvarðanir um aðgerðir. Það sé á forræði ráðuneyta eða stofnana. Í hópnun eiga sæti auk Bolla

ráðuneyttisstjóra fjármála- og viðskiptaráðuneytisins, forstjóri Fjármálaeftirlitsins og framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans.

Geir Haarde forsætisráðherra sló á allar hugmyndir um aðkomu ríkisvaldsins við þessar aðstæður á fjármálamörkuðum eftir ríkisstjórnarfund í gærmorgun. Hann sagði að gengislækkun krónunnar væri ekki komin á það stig að það kallaði á sérstakar aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Hópur fulltrúa norræna seðlabanka, sem eiga að vinna saman að viðbrögðum við fjármálaáfalli í banka sem starfar í fleiru en einu norrænu ríki, kom saman fyrir viku. Ef fjármálaáfall eiga sér stað breytist þessi hópur í viðbragðshóp óski einhver seðlabanki eftir því. Tryggvi Pálsson, fulltrúi Seðlabanka Íslands í hópnun, segir þá stöðu ekki uppi.

Davíð Oddsson segir að Seðlabankinn sjái ekki að gengislækkun krónunnar undanfarið hafi verið fyrir atbeina erlendra aðila. Viðskiptabankarnir hafi sankað að sér erlendum gjaldeyri til að verja eiginfjárstöð sína. „Við vorum hlynntir því, því við vildum ekki að eiginfjárstöðin veiktist,“ segir seðlabankastjóri.

Síðasta vígi Seðlabankans fallið

Atburðir síðustu vikna benda til alvarlegs skipbrots peningastefnu Seðlabanka Íslands, segir Erlendur Hjaltason formaður Viðskiptaráðs Íslands, í grein sem hann ritar í blað dagsins.

„Þannig telja fjárfestar hag sínum betur borgið í erlendum myntum þrátt fyrir vaxtamun sem nemur rúmlega tíu prósentum á ári og þar með hefur síðasta vígið í baráttu bankans við að halda verðlagi stöðugu fallið,“ segir Erlendur og kveður fyrir liggja að Seðlabankinn geti ekki

með góðu móti lækkað stýrivexti, enda verðbólga langt yfir markmiði bankans og krónan í hraðri veikingu.

Erlendur segir flestum ljóst að aukinn efnahagslegur stöðugleiki sé grundvallarforsenda þess að krónan eigi sér framtíðarvon og brýnt að stjórnvöld grípi til markvissra aðgerða til að styrkja efnahagsstjórn og auka á trúverðugleika peningastefnunnar. Um leið segir hann ýmislegt benda til að hag Íslendinga verði betur borgið til framtíðar með upptöku evru.

Samninga- og samrunaferli vegna inngöngu þjóðarinnar í Evrópusambandið og upptöku evru segir Erlendur geta tekið þrjú til fimm ár. „Þetta má þó ekki nýta sem afsökun til að ýta umræðunni á undan sér. Sú staðreynd að fimm ár gætu liðið frá því Ísland ákvæði að sækja um aðild að Evrópusambandinu þar til það væri fullgildur meðlimur sambandsins ætti þvert á móti að hvetja stjórnvöld til að komast að niðurstöðu sem fyrst.“ - **óka / Sjá síðu 10**

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK	15,1%*
GBP	5,6%*
USD	3,8%*
EUR	4,0%*
CAD	4,4%*
DKK	4,5%*

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/CAD/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluð sýðing. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útböðslýsingar og útdráttar úr útböðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. feb. – 3. mars 2008.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	-10,4%	-27,2%
Bakkavör	-4,6%	-34,8%
Exista	-10,6%	-47,2%
FL Group	-21,2%	-50,4%
Glitnir	-5,0%	-26,4%
Eimskipafélagið	-8,6%	-23,2%
Icelandair	-1,8%	-12,6%
Kaupþing	-2,6%	-19,7%
Landsbankinn	-1,3%	-23,8%
Marel	-2,8%	-15,4%
SPRON	-3,5%	-48,1%
Straumur	-2,3%	-28,5%
Teymi	-8,0%	-22,9%
Össur	-3,1%	-11,7%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

Bakkavör sér vöxt í Asíu og Vesturheimi

„Við stefnum á að velja Bakkavarar verði 500 milljarðar íslenskra króna árið 2012,“ segir Ágúst Guðmundsson, forstjóri félagsins. Gangi áætlanir eftir er það rúmlega tvöfalt meira en á síðasta ári. Til samanburðar nam velta Bakkavarar fyrir fjórum árum tæpum tuttugu milljörðum íslenskra króna.

Fram kom á aðalfundi Bakkavarar á föstudag að fyrirtækið sjái mikinn vöxt í Bandaríkjunum og Asíu á næstu árum. Fyrirtækið keypti fyrsta fyrirtækið í Bandaríkjunum í lok janúar og fylgdi þar með í fótspor breska stórmarkaðarins Tesco, sem opnaði



FRÁ AÐALFUNDI BAKKAVARAR Ágúst Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar, segir fyrirtækið stefna að því að rúmlega tvöfalda veltuna á næstu fjórum árum.

MARKAÐURINN/STEFÁN

fyrstu verslun sína í Bandaríkjunum seint á síðasta ári. Þá hefur Bakkavör gefið í í Asíu, nú síðast á föstudag þegar greint var frá kaupum á matvæla- og drykkjavöruframleiðanda í Hong Kong.

Ágúst segir að veglega sé gefið í áætlanir. Hátt hrávörurverð geti þó sett strik í reikninginn. „Við setjum markið hátt eins og ætíð og reynum að ná því,“ segir hann.

- jab

Skipti á markað

Viðskipti hefjast í dag með hlutabréf Skipta hf., móðurfélags Símans. Félagið verður boðið velkommið í Kauphöllina fyrir upphaf viðskipta.

Útgefnið hlutir í félaginu eru 7.368.421.053. Í síðustu viku stóð almenningi og fagfjárfestum til boða að kaupa allt að þrjátíu prósent hlutafjár í félaginu í útboði, en undirtektir voru dræmar. Minna en þriðjungur þess sem í boði var seldist.

Auðkenni Skipta í viðskiptakerfi Kauphallarinnar verður SKIPTI og félagið tekið inn í vísitölu fjarskipta frá og með deginum í dag.

- óká

Reyna að fresta verðhækkunum á bílum

„Verðið hjá okkur hefur hækkað um kannski níu til tólf prósent það sem af er ári. Eins og gengið hefur verið að fara núna þá gætum við þurft að hækka um annað eins,“ segir Egill Jóhannsson, framkvæmdastjóri Brimborgar.

Gengið vegi þungt í bílverðinu. „En við ætlum að sjá til þangað til eftir páska áður en við ákveðum hvort við hækkuðum frekar. Við erum að vona að þetta geti gengið til baka.“

„Við höfum ekkert ákveðið um frekari hækkunir en ef þetta

heldur áfram þá er það ekki ólíklegt,“ segir Jón Óskar Halldórsson, sölustjóri hjá Toyota. Þar hafi verið þegar hækkað um sex og hálf prósent að jafnaði það sem af er ári.

Báðir segja þeir að salan í janúar hafi verið óvenju góð og að ágætis sala hafi síðan þá, þó heldur minni. „Við getðum ráð fyrir því að það drægi úr sölu um svona 10 prósent á árinu, og það verður sjálfsagt meira en það miðað við þessa stöðu,“ segir Egill. Þó hafi verið aukning í sölu notaðra bíla.

- íkh

Ný stjórn Elisa í Finnlandi

Ný stjórn finnska fjarskiptafélagsins Elisa kom saman í gær, að loknum aðalfundi félagsins.

Novator, stærsti hluthafinn, hafði fyrir fram samið um að fá tvo fulltrúa inn í stjórnina. Þeir eru Orri Hauksson og Tómas Ottó Hansson. Orri sagði í samtali við

Markaðinn að fyrsta verkefni nýrrar stjórnar yrði að skipta með sér verkum, en síðan yrði hafist handa við að ræða og kortleggja næstu skref félagsins.

Fram hefur komið að Novator vill að Elisa sækji á markaði utan Finnlands.

- íkh

Hagnaður aldrei meiri

Hagnaður Byrs sparisjóðs nam rúmum 7,9 milljörðum króna eftir skatta á síðasta ári, en var tæpir 2,7 milljarðar árið áður. Aukning milli ára nemur rúmum 196 prósentum, samkvæmt nýbirtu uppgjöri.

Hagnaðurinn er sá mesti í sögu félagsins, sem hefur breyst mikið síðustu ár. Árið 2006 saminuðust Sparisjóður vélstjóra og Sparisjóður Hafnarfjarðar og var nafni sameinaðs sparisjóðs síðar breytt í Byr. Í nóvember síðastliðnum samþykkti Fjármálaeftirlitið svo samruna Byrs og Sparisjóðs Kópavogs og miðast sá samruni reiknings-

skilalega við 1. nóvember 2007. Óran vöxt verður að hafa í huga við samanburð árána 2006 og 2007.

Í lok árs 2007 var eigið fé Byrs tæplega 53,2 milljarðar króna og hafði aukist um rúma 39,2 milljarða á árinu. „Arðsemi eiginfjár á ársgrundvelli er 44,0 prósent. Eiginfjárlutfall samkvæmt CAD-reglum var 40,2 prósent en var 14,3 prósent í ársbyrjun,“ segir í tilkynningu félagsins, en stofnfé sjóðsins var aukið í tvígang á síðasta ári. Samtals var gefið út nýtt stofnfé að söluverði tæplega 26,7 milljarðar króna.

- óká

Nýsir ekki í kreppu

Mjög skuldsett fyrirtæki eru í miklum erfiðleikum vegna ástands á lánsfjármörkuðum. Verið er að endurfjármagna hluta af rekstri Nýsis en stjórnarformaður segir félagið öflugt.

Björgvin Guðmundsson
skrifar

„Veiking krónunnar styrkir stöðu Nýsis alveg gríðarlega. Bara veiking krónunnar í síðustu viku hækkaði árstekjur okkar um milljarð króna á ársgrundvelli,“ segir Stefán Þórarinnsson, stjórnarformaður félagsins. Hann segir eigið fé Nýsis ekki uppurið, félagið sé að vinna við að fjármagna hluta af skuldum, sem sé hluti af reglulegum rekstri árið um kring. Allar vangaveltur um erfiða stöðu Nýsis séu því úr lausu lofti gripnar.

Því hefur verið haldið fram að Nýsir hafi farið illa út úr mikilli gengislækkun krónunnar frá áramótum. Einnig að erfiðlega gangi að fjármagna í kringum fjóra milljarða króna sem eru á gjalddaga í dag. Stefán segir fjármögnunina í vinnslu en vill ekki segja til um hversu stór sú endurfjármögnun sé né hvernær henni ljúki. Það hafi bara sinn gang.

Nýsir er eitt þeirra félaga sem nefnd er þegar erfiðleikar fyrirtækja við núverandi aðstæður eru ræddar. Er þá átt við mjög skuldsett félög sem þurfa að fjármagna sig á nánast lokuðum lánsfjármarkaði. Öll kjör sem bjóðast í dag séu í órafjarlægð frá því sem þekkt hefur undanfarin ár. Hin félögin eru Eimskipafélagið og Icelandic Group.

„Við erum með tæplega helming af okkar eignum erlendis. Við fáum 75 prósent af okkar




NÝSIR BYGGIR TÓNLISTARHÚS Nýsir á til jafns við Landsbanka Íslands Portus, sem er verkefnisfélag um byggingu og rekstur tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í miðbæ Reykjavíkur. Þetta er einkaframkvæmd og gildir samningur við Portus til 35 ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

tekjum að utan. Megnið af okkar skuldum er í íslenskum krónum. Þannig að þetta er alrangt,“ segir Stefán um stöðu síns félags.

„Við eigum ekki neitt í hlutabréfum og verðum ekki fyrir stórum skakkaföllum vegna taps á einhverjum verðbréfum eða

öðru slíku. Við erum með traustar eignir sem eru að stærstum hluta til í leigu hjá opinberum aðilum, ríki og sveitarfélögum. Allar greiðslur eru tengdar neysluverðsvísitölu. Veiking krónunnar hækkar bara tekjurnar okkar,“ leggur Stefán áherslu á.



Það er svalt á toppnum

Besta ávöxtunin 2007*
Alþjóðleg hlutabréf – markaðir

spron
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

SJÓÐIR KAUPÞINGS FÁ HÆSTU EINKUNN Á ALÞJÓÐAVETTvangi



Neðangreindir sjóðir Kaupþings hlutu nýverið hæstu einkunn hinna virtu matsfyrirtækja Morningstar™ og Lipper sem sérhæfa sig í úttektum á verðbréfasjóðum.

Kaupþing Erlend hlutabréf	★★★★★
Kaupthing Fund Swedish Growth	★★★★★
Kaupthing Fund Global Value	★★★★ ●●●●●
Kaupthing Fund Nordic Growth	★★★★ ●●●●●

Við mat á hverjum ofangreindra sjóða er tekið tillit til allra sambærilegra sjóða og árangur síðastliðinna þriggja ára skoðaður með tilliti til áhættu. Morningstar™ gefur 1-5 ★ og Lipper gefur 1-5 ●. Upplýsingarnar eru frá 29. febrúar 2008.



Sérfræðingar á Eignastýringarsviði Kaupþings eru staðsettir í tólf af þeim þrettán löndum þar sem bankinn er starfræktur. Mikil áhersla er lögð á nána samvinnu milli landa, þannig nýtist sérhæfð og staðbundin þekking á hverjum markaði fyrir sig og víðtæk tækifæri á alþjóðavísu opnast. Eignir í stýringu Eignastýringar Kaupþings eru 1.557 milljarðar ISK og eru starfsmenn 408.

Upplýsingar um sjóði Kaupþings veitir Ráðgjöf Kaupþings í Borgartúni 19, í síma 444 7000 og í tölvupósti: radgjof@kaupthing.is. Nánari upplýsingar um sjóði Kaupþings má nálgast á www.kaupthing.is/sjodir.

Kaupþing Erlend hlutabréf er fjárfestingarsjóður, rekinn í tveimur deildum, ISK deild og EUR deild. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Frekari upplýsingar um sjóðinn er hægt að fá í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem má finna á sjóðavef Kaupþings, www.kaupthing.is/sjodir. Kaupthing Fund Nordic Growth, Kaupthing Fund Global Value og Kaupthing Fund Swedish Growth eru verðbréfasjóðir, starfræktir í Lúxemborg. Frekari upplýsingar er hægt að fá í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sjóðanna, sem má finna á sjóðavef Kaupþings, www.kaupthing.is/sjodir.

Höfundaréttur (c) 2008. Morningstar UK Limited. Allur réttur áskilinn. Viðeigandi upplýsingar í þessari auglýsingu: (1) eru eign Morningstar og/eða samstarfsaðila þess; (2) má ekki afrita eða dreifa; og (3) er ekki ábyrgt að séu réttar, tæmandi eða tímanlegar. Hvorki Morningstar né samstarfsaðilar þess bera ábyrgð á tjóni sem stafar af notkun á þessum upplýsingum. Árangur í fortíð er ekki örugg vísbending um árangur í framtíð.

Danir sitja sáttir á gullbirgðum

„Gullforðinn hefur fylgt okkur frá því árið 1930,“ segir Torben Nil- sen, stjórnarmaður í danska seðlabankanum. Bankinn hefur ekki í hyggju að selja úr búrinu, að hans sögn.

Danski seðlabankinn á 66,5 tonn af gulli en hann liggur í hirslum Englandsbanka í Bretlandi. Verðmætið hefur rokið upp síð-ustu mánuði eftir því sem harðnað hefur á dalnum á hlutabréfamarkaði en fjárfest- ar hafa hópast á hrávörumarkaði og tryggt fé sitt í þessum mjög svo gamaldags gjald- miðli, sem er vægast sagt gulltryggður.

Gullforðinn hefur aukist hratt upp á síðkastið og nemur verðmæti hans nú tíu milljörðum danskra króna, jafnvirði rúmra 160 milljarða íslenskra króna.

Seðlabankinn hefur hagnast ágætlega á niðursveiflunni með þessum hætti en á síð-asta ári einu saman jókst verðmæti gullforð-ans um 1,3 milljarða danskra króna, samkvæmt út- reikningum danska dagblaðsins Berlingske Tidende.



- jab

Undirmálskreppa verri en náttúruhamfarir

Undirmálslánakreppan hefur kostað bandarísk trygginga- fyrirtæki 38 milljarða dala, jafn- virði 2.700 milljarða íslenskra króna, samkvæmt útreikningum Bloomberg-fréttaveitunnar.

Í flestum tilvikum er um að ræða bókfært tap á verðbréfa- eignum. Fyrirtækin kjósa frem- ur að halda í eignasöfn sín, sem hafa hrífðfallið í verði upp á síð- kastið, en að selja þau með af- slætti, að sögn Bloomberg.

Bókfærða tapið er aðeins þremur milljörðum dala minna en félögin urðu að punga út vegna tjóna og flóða af völd- um fellibylsins Katarínu haustið 2005. Náttúruhamfarirnar voru þær verstu í sögu Bandaríkj-

anna en í þeim létust fimmtán hundruð manns auk þess sem rúmur helmingur íbúa New Or- leans missti heimili sín.

Bloomberg-fréttaveitan hefur eftir Robert Haines, greinanda hjá CreditSights í Bandaríkjun- um, lítið þurfi til að undirmáls- lánakreppan verði trygginga- félögum dýrari en náttúruham- farirnar. Menn biði hins vegar botnsins á hlutabréfamarkaði þegar viðsnúningur snúi geng- inu til betri vegar.

- jab

NEW ORLEANS EFTIR FELLIBYLINN Lítið vantar upp á að undirmálslánakreppan verði bandarískum tryggingafyrirtækjum dýrkeyptari en fellibylurinn Katarína sem reid yfir fyrir þremur árum.



Afkoman yfir spám

Tveir stórir fjárfestingarbankar birtu uppgjör sín í gær. Afkoman var yfir spám og blása þeir á orðróm um veika stöðu.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Afkoma bandarísku fjárfestingarbank- anna Lehman Brothers og Goldman Sachs var birt í gær og nokkuð yfir væntingum. Menn hafa lengi beðið eftir uppgjörum bankanna og hamrað á hverri hrakspánni á fætur annarri í skugga lausafjárþurrðar.

Heldur hrikta í stöðunum í vikunni eftir að samkomulag náðist um helgina um að bandaríski bankinn JP Morgan keypti hinn tæplega níræða Bear Stearns fyrir 236 milljónir dala, jafnvirði 18 milljarða ís- lenskra króna miðað við gengi Bandaríkjadals gagn- vart íslensku krónunni í gær. Þetta er gjafverð enda verðið tveir dalir á hlut. Til samanburðar lá meðal- verðið í 160 dölum á hlut á fyrri hluta síðasta árs. Þetta er 98 prósentu verðfall.

Stjórnendur Bear Stearns, fimmta stærsta fjár- festingabanka Bandaríkjanna, vísuðu því á bug í vikunni að bankinn glímdi við lausafjárþurrð sökum afskrifta á verðbréfa- og lánavöndlum sem teng- jast bandarískum undirmálslánum. Afkoma bankans hefur engu að síður hrífversnað upp á síðkastið og var síðasta ár eitt það versta í bókum félagsins um áraraddir.

Menn eru uggandi um framhaldið og útiloka ekki að fleiri bankar gætu lent í vandræðum vegna



RICHARD FULD

gríðarlegra vandræða sem tengjast bandarískum fasteignalánamarkaði.

Helst hafa menn nefnt veika stöðu Lehman Brothers, fjórða stærsta fjár- festingabanka Bandaríkjanna, og hugsanlega Goldman Sachs, stærsta fjárfestingabanka heims. Richard Fuld, forstjóri bankans, hefur hins vegar lagt á það ríka áherslu upp á síðkastið að bank- inn standi traustum fótum og muni ekki lúta í duftið vegna ytri aðstæðna, líkt og breska blaðið Guardian og fleiri fjöl- miðlar höfðu eftir honum í gær.

Afkoma Lehman á fyrsta ársfjórðungi, sem lauk í enda febrúar, var hins vegar nokkuð yfir væntingum. Hagnaður nam 489 milljónum dala á tímabilinu, 81 senti á hlut sem er níu sentum meira en reiknað hafði verið með. Þetta er engu að síður 57 prósentu samdráttur á milli ára sem skýrist af af- skriftum á fasteignalánnum upp á 1,8 milljarða dala. Eignastaða bankans er hins vegar ágæt, nemur 98 milljörðum dala, jafnvirði rúmra 7.517 milljarða ís- lenskra króna.

Hagnaður Goldman Sachs nam á sama tíma 1,5 milljörðum dala, sem er 53 prósentu samdráttur á milli ára. Þetta er 3,23 dala hagnaður á hlut sam- anborið við væntingar upp á 2,59 dali á hlut. Gengi beggja banka hækkaði nokkuð vestanhafs í gær vegna afkomufréttanna.

Robert Tchenguiz undir feldi

Stjórn bresku kráakeðjunnar Mitchells & Butler er sögð íhuga að selja hlut í félag- inu til að bæta eiginfjárstöð- una. Stærsti hluthafi keðjunn- ar er fasteignamógullinn Robert Tchenguiz, stjórnarmaður í Existu og stór viðskiptavinur Kaupþings í Bretlandi.

Breskir fjölmiðlar hafa ýjað að því lengi að hluthaf- ar Mitchells & Butlers

gætu þurft að losa um eign- ir, jafnvel sameina það Punch Taverns, sem þegar hefur lagt fram yfirtökutilboð í kráakeðj- una.

Salan þykir þrautalending eftir að félagið tapaði 274 millj- ónum punda, tæpum 40 millj- örðum íslenskra króna, á af- leiðusamningum sem bæta áttu skuldastöðu félagsins en höfðu þveröfug áhrif. Viðskiptin

voru í samstarfi við viðskipta- banka kráarinnar, sem sneri við þeim baki þegar lausafjár- þurrðin barði að dyrum.

Fjárfestarisarnir í dyragætt- inni eru félögin CVC og Black- stone, að sögn breska dagblaðs- ins Telegraph. Hugsanlegt er að þeir veiti kráarkeðjunni lán með breytirétti, sem geti tryggt þeim inngöngu í hluthafahóp- inn, að sögn blaðsins.

- jab

Norskur lífeyrir geymdur í klámi

„Það verður að endurskoða síða- reglur norska olíu- sjóðsins,“ segir Tina Aagaard, talskona

vinstrikvenna í Nor- egi, í samtali við norska dagblaðið Dagens Nær- ingsliv. Aagaard hefur ásamt þarlendum kven- réttindasamtökum gagn- rýnt stjórnendur norska sjóðsins harðlega fyrir að kaupa hlutabréf í bandaríska út- gáfufélaginu Playboy Enterprise, sem gefur meðal annars út samnefnt tíma- rit. Þetta þykir ekki samrýmast síð- ferðilegri og ábyrgri fjárfestingarstefnu sjóðsins, sem kynnt var í fyrra. Sjóðurinn fjárfest- ir af þeim sökum ekki í fyrirtækjum sem tengjast

hergagnaframleiðendum, svo dæmi sé tekið.

Sjóðurinn var í fyrra skráður fyrir hlutabréf- um í Playboy fyrir jafnvirði 125 þúsund banda- ríkjadalra, eða 0,039 prósent af heildarhluta- fé hans.

Olíusjóðurinn, sem hefur byggt auð sinn á tekjum af olíu- og gassölu fyrir komandi kynslóðir, hefur títinað út síð- ustu mánuði samhliða miklum verð- hækkunum á hráolíuverði á heimsvísu. Verðmæti hans liggur nú í 1.900 milljörð- um norskra króna, jafnvirði tæpra 29 þús- und milljarða íslenskra króna, og er í dag stærsti lífeyrissjóður í heimi. Sá hængur er á að ráðamenn hafa takmarkaðar heimildir til að nýta sér auðinn almenningi til hags- bóta, að sögn Aftenposten.

- jab

PLAYBOY-KANÍNUR Norski olíusjóðurinn, sem hefur gefið sig út fyrir ábyrga og síðferðilega fjárfestingar- stefnu, átti hlutabréf í Playboy-útgáfunni á síðasta ári.



Aðalfundur

Aðalfundur HB Granda hf. verður haldinn föstudaginn 28. mars 2008 í matsal fyrirtækisins að Norðurgarði, Reykjavík, og hefst hann kl. 17:00.

Dagskrá

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 18. gr. samþykka félagsins.
2. Tillaga um heimild félagsstjórnar til kaupa á eigin hlutum samkvæmt 55. gr. hlutafélagalaga.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins, hluthöfum til sýnis, viku fyrir aðalfund. Ennfremur er hægt að nálgast gögnin á vefsíðu félagsins www.hbgrandi.is.

Framboðsfrestur vegna stjórnarkjörs rennur út fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 16:30.

Óski hluthafar eftir að ákveðin mál verði tekin til meðferðar á aðalfundinum, þarf skrifleg beiðni um það að hafa borist félagsstjórn með nægjanlegum fyrirvara, þannig að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Hluthafar sem ekki geta mætt á fundinn, en hyggjast gefa umboð, þurfa að gera það skriflega.

Stjórn HB Granda hf.





2 SPORT

Íþróttastöðvarnar Sýn og Sýn 2 hafa fengið ný nöfn og heita nú Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2. Við munum þó áfram hafa gömlu góðu Sýnina að leiðarljósi og bjóða áskrifendum upp á beinar útsendingar frá stærstu og vinsælustu íþróttaviðburðum í heimi. Hliðarrásir gefa svo enn betra forskot og fleiri valkosti því þær gera okkur kleift að sýna fleiri beinar útsendingar og samtímis.

Stöð 2 Sport – það er skemmtilegra að geta valið.

VIÐ ERUM STÖÐ 2 SPORT

2 SPORT
besta sætið

2 SPORT 2
enski boltinn



Arðgreiðslurnar dragast saman um helming

Þau íslensku fyrirtæki sem mynda Úrvalsvisitöluna taka upp veskið á næstu dögum og greiða hluthöfum sínum rúma þrjátíu milljarða króna vegna afkomunnar á síðasta ári. Þyngja sumra er tóm eftir tap í fyrra en önnur fyrirtæki eru að skoða næstu skref. Ljóst er að ytri aðstæður settu skarð í afkomu fjölmargra fyrirtækja hér á landi enda arðgreiðslurnar um helmingi minni en fyrir ári, líkt og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson komst að raun um.

Sjö fyrirtæki af fjórtán sem mynda íslensku Úrvalsvisitöluna greiða arð vegna afkomunnar á síðasta ári. Þetta er tveimur fyrirtækjum færra en greiddu út arð í fyrra. Ef frá er skilin arðgreiðsla Landsbankans – tillaga verður lögð fram um slíkt á bankaráðsfundi hans 7. apríl næstkomandi – nema heildar-greiðslurnar rúmum 31 milljarði íslenskra króna. Til samanburðar námu arðgreiðslurnar rúmum 62 milljörðum króna í fyrra. Þetta er helmingi minna en félögin greiddu vegna afkomunnar í hitteðfyrra.

KAUPPING GREIÐIR MEST

Kaupþing greiðir hluthöfum sínum langhæstu greiðslu á ári, 14,8 milljarða króna. Á eftir kemur Glitnir, sem greiðir 5,5 milljarða króna. Athygli vekur að arðgreiðslur Kaupþings eru hærra en í fyrra. Þetta er ólík þróun og hjá öðrum fyrirtækjum að Bakkavör undanskilinni, sem greiðir rúmum hundrad milljónum krónum meira en í fyrra. Eins og áður segir verða tillögur um arðgreiðslur til hluthafa Landsbankans ekki lagðar fram fyrr en á bankaráðsfundinum 7. apríl næstkomandi. Kaupþing hefur iðulega greitt háan arð í krónum talið. Hins vegar þarf mikið til að ná upp í arðgreiðsluna í október í hitteðfyrra þegar Kaupþing greiddi hluthöfum einstaka greiðslu, tuttugu milljarða króna í formi hlutafjár í Existu.

SUMIR GREIÐA EKKERT

Þrjú félög sem mynda Úrvalsvisitöluna – og greiddu hluthöfum sínum háar upphæðir í arð í fyrra – greiða ekkert í ár. Það eru Marel, Exista og FL Group. Samkvæmt forsvarsmönnum Marel er ástæðan fyrir því að ekki verður greiddur út arður vegna afkomunnar í fyrra kaup félagsins á matvælavinnsluvéla-hluta hollensku iðnsamsteyppunar Stork.

Hin félögin tvö, FL Group og Exista, greiddu hins vegar hæstu arðgreiðslur skráðra félaga í Úrvalsvisitölunni vegna afkomunnar í hitteðfyrra. FL Group greiddi fimmtán milljarða króna en Exista tæpa ellefu milljarða króna í fyrra.

FL Group tapaði 67 milljörðum íslenskra



STJÓRNARFORMAÐUR KAUPÞINGS OG FORSTJÓRINN Kaupþing greiðir hæstu arðgreiðsluna í ár vegna afkomunnar á síðasta ári.

MARKAÐURINN/GVA

króna á síðasta ári og vinnur nú að stífum niðurskurði á rekstrarkostnaði, sem skýrir arðgreiðsluleysið nú.

Exista hagnaðist hins vegar um sextíu milljarða króna á sama tíma. Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Existu, sagði á aðalfundi félagsins á dögum að aðstæður á fjármálamörkuðum hefðu ráðið um ákvörðunina að greiða ekkert nú um stundir. Breytist aðstæður til hins betra getur svo farið að ákvörðunin verði endurskoðuð og arður greiddur út síðar á árinu.

DVERGARNIR FÁ LÍTIÐ EN RISARNIR MEST

Sé lítið til stærstu arðgreiðslunnar – sem greiðist úr sjóðum bankanna – fá stærstu hluthafarnir tæpa 4,4 milljarða króna fyrir snúð sinn.

Exista tekur stóra sneið vegna eignarhlutar síns í Kaupþingi og Bakkavör. Félagið fær

rúma 3,4 milljarða króna vegna 23 prósentu eignar sinnar í Kaupþingi og 470 milljónir króna vegna stærðar sinnar í Bakkavör – félagið er langstærsti hluthafinn með 63 prósentu eignarhlut.

FL Group, sem er stærsti hluthafinn í Glitni, tekur á sama tíma 977 milljónir króna fyrir eignarhlutinn í bankanum.

Eins og áður hefur komið fram liggur ekki fyrir hvað þeir feðgar, Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor, fá fyrir eignarhlut sinn í Landsbankanum í nafni Samson eignarhaldsfélags en þeir sitja á tæpum 41 prósentu hlut. Hagnaður bankans í fyrra nam fjörutíu milljörðum króna. Sé miðað við að arðgreiðsla verði hlutfallslega jafn há nú og í fyrra gætu arðgreiðslur feðganna numið 1,8 milljörðum króna. Hins vegar fá þeir tæpa tvo milljarða króna vegna eignar sinnar í Straumi-Burðarásí.

ARÐGREIÐSLUR SÍÐASTLIÐIN TVÖ ÁR*		
Fyrirtæki	2007	2006
Actavis	-	-
Alfesca	-	-
Atorka Group	2.111	3.400
Bakkavör	1.187	1.079
Eimskip (Avion)	-	-
Exista**	-	10.838
FL Group	-	15.000
Glitnir	5.506	9.400
Icelandair	-	-
Kaupþing	14.809	10.366
Landsbankinn***	-	4.408
Marel	-	73,4
SPRON	1.643	-
Straumur****	5.990	7.769
Teymi	340	-
Össur	-	-
Samtals:	31.586	62.333

* Upphæðir í milljónum króna. Inni í tölu eru félög sem áður voru skráð í Úrvalsvisitöluna.
** Arðgreiðsla í skoðun
*** Arðgreiðsla liggur ekki fyrir. Aðalfundur 23. apríl
**** 48,9 milljónir evra.



MACOLM WALKER, FORSTJÓRI ICELAND Breska lágvörukeðjan Iceland hefur greitt út jafnvirði rúma 100 milljarða króna til hluthafa síðastliðin þrjú ár. Um 80 milljarðar hafa fallið íslenskum fjárfestum í skaut.

og tryggingafyrirtækinu Storebrand. Kaupþing og Exista fara saman með um 29 prósentu hlut í fyrirtækinu og fær Kaupþing, sem á fimmtung í félaginu, 1,3 milljarða króna.

Metarður að utan

Arðgreiðslur þriggja erlendra félaga sem hafa íslensk fyrirtæki í hluthafahópnum er tæplega tvöfalt hærra en sem nemur arðgreiðslum allra íslensku félaganna sem mynda Úrvalsvisitöluna í Kauphöll Íslands.

Arðgreiðslur til hluthafa bresku lágvörukeðjunnar Iceland er sú hæsta sem nokkuð félag hefur fengið utan landsteinanna. Niðurstöður liggja ekki fyrir um afkomuna í fyrra en samkvæmt heimildum Markaðarins eru

líkur á að um 300 milljónir punda falli hluthöfum hennar í skaut. Það jafngildir rúmum 46 milljörðum króna miðað við gengi evru í gær. Heildararðgreiðslur Iceland-keðjunnar síðastliðin þrjú ár nema 670 milljónum punda, eða rúmum 100 milljörðum króna.

Gangi allt eftir munu Baugur, Fons (sem hvorugt er skráð á markað), Kaupþing og Landsbankinn fá tæpa 37 milljarða króna en Malcolm Walker, for-

stjóri Iceland, og aðrir stjórnendur hennar rest.

Þetta verður jafnframt annað árið í röð sem arðgreiðsla frá versluninni slær Íslandsmet í krónum talið. Til samanburðar er næststærsta arðgreiðsla sögunnar greiðsla til Existu vegna hlutar í finnska fjármálafyrirtækinu Sampo Group. Greiðslan, sem nam 13,7 milljörðum króna, féll félaginu í skaut á síðasta ári. Exista sat þá á rúmum fimmtán prósentu hlut í Sampo, sem skráð

er í kauphöllina í Helsinki í Finnlandi. Félagið hefur bætt við sig síðan þá og fer nú með tæpan fimmtungshlut í félaginu.

Væntar arðgreiðslur Existu vegna hlutarins í Sampo nú nema 138,6 milljónum evra fyrir síðasta ár. Það jafngildir rúmum 16,8 milljörðum króna miðað við gengi evru gagnvart krónu í gær.

Til viðbótar þessu tekur Exista um 600 milljónir króna vegna stöðu sinnar í norska fjármála-

LAGERSALA

ALLT Á AÐ SELJAST

Arctic Wear vinnufatnaður



Vesturvör 7 • 200 Kópavogur • Sími: 534-2900
www.aw.is



Dell OptiPlex™ 755 borðtölva

Pitt verð:

83.600

67.147 án vsk.

Intel® Core™2 Duo E4400 örgjörvi
2,0GHz, 800MHz FSB, 2MB L2 Cache
1,0GB 800MHz DDR2 vinnsluminni (1X1024MB)
80GB (7,200 rpm) SATA II harður diskur
48x DVD-ROM/CD-RW Combo geisladrif
Innbyggt Intel 82566DM Gigabit LAN 10/100/1000 netkort
Intel GMA 3100 skjákort
9 USB 2,0 (tvö að framan, eitt innbyggt)
Innbyggt hljóðkort
Innbyggður hátalari
1x Ethernet, 1x Serial, 1x Parallel
Dell USB lyklaborð með íslenskum táknum
Dell 5 hnappa Premium USB Optical mús
Microsoft Windows XP Professional
280W spennugjafi, orkunotkun 60,22W max
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Öflugar hágæðatölvur fyrir atvinnulífið

Dell OptiPlex™ 755 er sérlega orkunýtin tölva, búin nýjustu tækni og búnaði sem auðvelt er að sníða að hvers konar atvinnurekstri. Sérstær lausnir, fjarvinnslukerfi og sveigjanlegir öryggisþættir gera þér kleift að einfalda reksturinn og auka afköst fyrir hagstætt verð.

DELL™

© 2007 Dell Corporation Limited. Dell, vörumerkið Dell, OptiPlex, eru vörumerki í eigu Dell Inc. Microsoft, Windows og Windows Vista eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Önnur nöfn eða vörumerki sem vísað er til í þessari auglýsingu geta verið í eigu annarra. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra.

Celeron, Celeron Inside, Centrino, Centrino Inside, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Viiv Inside, vPro Inside, Xeon, and Xeon Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries.

* FYRIRVARAR: Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // R.Sigmundsson / Fiskilóð 84, Reykjavík / 520 0000 // Penninn Eymundsson / Sólvallagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 //
Tölvu- og rafeindafljónusta Suðurlands / Eyrarvegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 //
Bókaverslun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 //
Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrúkur / 455 4500 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 //
Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martölvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300 //
Tengill ehf. / Aðalgötu 24, Sauðárkrúkur / 453 5519



Ris & fall FL Gro

Allir horfðu af aðáun á ris FL Group og hvernig stjórnendur félagsins náðu að breyta litlu flugfélagi í risastórt á tíma sem Íslendingar viluðu ekkert fyrir sér og voru að sigra heiminn. Hagnaðurinn óx, eignirnar urðu stærri og forstjóri. Björgvin Guðmundsson segir að að sama skapi hafi táknmynd niðursveiflunnar birst í vandræðum hluthafa leiðangri Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Nú er þolinmæði eigenda á þrotum eftir samfellda lækkunarhrinu og er stefnt

Stefnt er að því að taka FL Group af skráðum markaði á næstunni, samkvæmt heimildum Markaðarins. Hefur það verið rætt í hópi stærstu hluthafa en ekki formlega í stjórn félagsins. Ekki er ljóst hvað verður gert í framhaldinu en til skoðunar er að skipta félaginu upp og hætta rekstri þess. Menn eru búnir að missa þolinmæðina. Of mikill tími hefur farið í að huga að FL Group hjá mönnum sem eru mjög uppteknir á öðrum vígstöðvum nú þegar markaðir nánast hrynja.

Um síðustu áramót var verðmæti verðbréfasafns FL Group metið á um 219 milljarða króna í ársreikningi. Fasteignir, Tryggingamiðstöðin og eignarhlutur í Glitni munu vera eftirsóknarverðar eignir í augum stærstu eigenda. Undanfarið hafa erlendar eignir markvisst verið seldar til að minnka markaðsáhættu félagsins. Áfram verður haldið á þeirri braut enda hafa miklir fjármunir tapast á erlendum fjárfestingum. Jón Sigurðsson forstjóri upplýsti á aðalfundi að tapið á flugrekstrarfélaginu AMR, Finnair og Commerzbank á síðasta ári næmi 38 milljörðum króna.

MARGIR ÖRUGGIR MEÐ SIG

Ljóst er að mettap FL Group á síðasta ári, um 67 milljarðar króna, er ekki eingöngu vegna vitlausra ákvarðana stjórnenda félagsins. Niðursveifla á alþjóðlegum mörkuðum hefur vissulega haft sitt að segja. Menn voru líka öruggir með sig eftir velgengni síðustu ára og fóru ekki nógu varlega. Fyrst bar á örvæntingu þegar ekkert gekk að breyta áherslum í AMR þrátt fyrir að FL Group væri stærsti einstaki hluthafinn. Hannes Smárason birtist á bandarísku viðskiptafréttastöðinni CNBC og útskýrði hvað þyrfti að gera. Og

margir tóku undir röksemdir hans. En lítið gekk. Gengi AMR lækkaði og FL Group tapaði milljörðum.

Þessi þróun hélt áfram og hafði áhrif á gengi félagsins í Kauphöll Íslands og á önnur fjármála- og fjárfestingarfélög. Enginn var stikkfrír í þessari þróun. Menn höfðu spilað djarft. Bankar höfðu lært það í fyrri niðursveiflum að vakta vel hvað væri á bak við veð fyrir lán í hlutabréfum. Velgengi síðustu ára hafði hvatt menn til að tefla djarft, veðsetja hluta af verðbréfasafninu og kaupa meira. Lækkun hlutabréfa varð til þess að margir lentu í vandræðum. Þau vandræði kristölluðust þegar Gnúpur, fjárfestingarfélag Kristins Björnssonar, Magnúsar Kristinssonar og Þórðar Más Jóhannessonar, lenti í vandræðum. Einn stærsti hluthafi FL Group var að komast í þrot. Eigið fé félagsins var nánast uppuríð og Landsbankinn krafðist aðgerða. Svipaða sögu var að segja um Materia Invest þeirra Þorsteins M. Jónssonar, Magnúsar Ármanns og Kevins Stanford.

VANDRÆÐIN VERÐA SÝNILEG

Þannig kristölluðust vandræðin á íslenska verðbréfamarkaðnum í erfiðleikum hjá hluthöfum FL Group. Þar var hægt að sjá birtingarmynd erfiðleikanna. Þó vildu allir meina að uppstokkun í hluthafahópnum í desember á síðasta ári hefði verið fyrsta skrefið fram á við. Úr vörn í sókn. Félagið var efti með hlutafjárukningu þar sem Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs, lék aðalhlutverkið. Hann hélt í björgunarleiðangur. Útboðs-

gengið var keyrt niður úr 19 í 14,7 sem mörgum smærri hluthöfum þótti alltof lágt. Kaupþing tók ekki annað í mál enda á félagið hagsmuna að gæta sem lánardrottinn Baugs.

Pálmi Haraldsson, sem hafði selt allt sitt í FL á genginu 29,5, tók þátt í hlutafjárukningunni og keypti á genginu 14,7 og lægra. Hann hirti hluti þeirra sem voru í vandræðum. Fleiri tóku þátt og þá átti að verðlauna í febrúar með öðru hlutafjárútbóði. Þá átti Baugur að falla frá forkaupsrétti og björgunarsveitin átti að fá að kaupa aftur á sama gengi og í desember. Menn sáu ekki lengra en nokkra daga fram í tímann. Gengi FL í byrjun febrúar var komið niður í 10. Hætt var við hlutafjárukninguna.

GRÍÐARLEGT TAP

Enn sér ekki fyrir endann á vandræðum FL Group. Markaðsverðmæti félagsins hefur hrunið. Í júlí í fyrra var verðmæti FL Group tæpir 300 milljarðar króna. Um miðjan dag í gær var það um 66 milljarðar

FEBRÚAR 2006

Erlendir greiningaradilar gagnrýma íslenskt fyrirtæki og endurmeta horfur í íslensku efnahagslífi.

Það er ekki einfalt mál að afskrá félag ... Ljóst er að gæta verður að hag minni hluthafa þegar þeir stóru taka svo afdrifarikar ákvarðanir. ... Hins vegar er ljóst að þolinmæði stærstu eigenda gagnvart FL Group er svo til á þrotum.

JANÚAR 2004

Hannes Smárason og Jón Helgi Guðmundsson kaupa 38,5 prósentu hlut í Flugleiðum í nafni Oddaflugs.

FEBRÚAR 2005

Flugleiðir verður móðurfélag 13 eignarhaldsfélaga, þar af er Ícelandair stærst. Ragnhildur Geirsdóttir ráðin forstjóri og Hannes stjórnarformaður.

MARS 2005

Aðalfundur Flugleiða breytir nafninu í FL Group. Hannes segir félagið vera fjárfestingarfélag.

OKTÓBER 2005

Ragnhildur Geirsdóttir hættir. Hannes verður forstjóri og Skarphéðinn Berg Steinarsson stjórnarformaður.

NÓVEMBER 2005

Hlutfé aukist um 44 milljarða. Hannes ræður yfir fjórðungi félagsins og Baugur öðrum fjórðungi.



20
Hagnaður
2003
2004
2005
2006
2007
Heildareign
2003
2004
2005
2006
2007
Skuldir
2003
2004
2005
2006
2007
Arðsemi e
2003
2004
2005
2006
2007

FERMINGARTILBOÐ

sjá www.svefn.is

Svefn & heilsa



Dalsbraut 1
Akureyri - Sími 461 1150

Listhúsinu Laugardal
Reykjavík - Sími: 581 2233

byggingariðnaður

MIÐVIKUDAGUR 19. MARS 2008



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



Öflug í grunnvinnunni

„Við hjá Arnarverki þurfum öflug tæki sem eru í fremstu röð í jarðvegsvinnu. Lýsing hefur ávallt verið fyrsti kosturinn þegar við höfum þurft á fjármögnun að halda. Hjá Lýsingu er unnið hratt og vel úr okkar málum af einstöku starfsfólki sem hefur skilning á þörfum okkar.“

Ágústa Einarsdóttir fjármálastjóri, Arnarverk ehf

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir


LÝSING

LÝSING.IS // 540 1500



Hér er setið bæði við lestur og skriftir auk fæðuinntöku. Tölvutenging fyrir fartölvur er í hverju borði. Bóksalan er á vinstri hönd.



Gruflað og grúskað.



Þó að nóg sé af stólum á torginu þykir sumum best að sitja flötum beinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Þar sem hjartað slær

Hið nýja háskólatorg sem vígt var 1. desember síðastliðinn í HÍ hefur sannað gildi sitt.

Það iðar af lífi hvern einasta skóladag, ekki síst í hádeginu þegar kennarar og nemendur úr öllum deildum flykkjast í Hámu til að seðja líkamlegt hungur.

Fyrir utan veitingarnar er margs konar þjónusta að fá á Háskólatorgi. Þar er Stúdentaráð, Náms- og starfsráðgjöf, Nemendaskrá, Félagstofnun stúdenta og Alþjóðaskrifstofa, svo og bóksalan. Frá torginu liggja svo leiðir til allra átta því það tengir saman fjórar byggingar.

Háskólatorg er á þremur hæðum. Þar eru kennslusalir, lesstofur og tölvuver auk þeirrar þjónustu sem að ofan er talin. Listaverk í loftinu með tilvísun í Hávamál, Vits er þörf þeim er víða ratar, er gætt þeirri náttúru að gæsir í miðju þess fljúga alltaf mót vindátt.

-gun



Tillögur að Vatnsmýrarskipulagi þekja nokkra veggj á Háskólatorgi. Þessi er á neðstu hæð.

Teiknistofa Ingimundar Sveinssonar og Hornsteinar, fyrirtæki Ögmundar Skarphéðinssonar, hönnuðu húsið.



Stiginn milli fyrstu hæðar og annarrar er með lágum en djúpum þrepum.

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Neysluvatnshitarar
Hitöld (element), hitastillar,
hitastýringar og flest
annað til rafhitunar.

Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Fleiri möguleikar í uppsetningu

Höfðatorgsreiturinn er nú að taka á sig mynd. Við Borgartún 10 til 12 er stór bygging sem gengur undir nafninu Reykjavíkurbúsíð. Þar mun borgin setja undir sama þak nokkrar af helstu skrifstofum sínum.

Reykjavíkurbúsíð er að taka á sig mynd, en eins og atvinnuhúsa er háttur skiptir máli að innan ytri veggja ríki gott andrúmsloft og er sveigjanleiki einn af mikilvægari þáttunum til að skapa það vinnuumhverfi sem þarf.

Til að ná því markmiði völdu PK-arkitektar, sem hönnuðu Reykjavíkurbúsíð, kerfisveggina Maars String2, sem Mest flytur inn. Slíkir veggir þykja hafa komið vel út, en þeir eru aðallega ætlaðir fyrirtækjum og stofnunum en geta nýst í íbúðarhúsnæði.

„Það er mikill tímasparnaður í String2-kerfisveggjum, því vegg-einingarnar koma sem tilbúnar kassetur og eru slegnar í með kjullu. Það þarf að festa botnskúffu og loftaskúffu, setja stoðir og svo eru kassetturnar slegnar í,“ upplýsir Ragnar Björgvinsson, söluráðgjafi hjá Mest, sem telur þetta kerfi gott þar sem ekki taki nema tvær vikur að klára 1.600 fermetra hæð.

Ragnar bendir á að veggirnir komi einnig í léttari einingum, þar sem hvor hlið er stök en ekki heill veggur. Hann segir það gera vinnuna auðveldari og eins verði fleiri möguleikar í uppsetningu. Það verði til þess að einfalt sé að skipta út ef skemmdir verði eða breyta eigi útliti.

„Kerfisveggir eru færanlegar kassetur sem dregnar eru út með sogblöðukum og tekur sú aðgerð örfáar mínútur. Oftast eru kerfis-



Yfirmenn hollenska fyrirtækisins Maars í heimsókn á Höfðatorgi. Þau Louise de Lange og Thijs Mouw heilluðust af hönnun PK arkitekta og nýtingu nýju kerfisveggjanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

veggir notaðir með kerfisloftum, en þó ekki alltaf. Ef færa þarf veggj verða gótt eftir í loftplötum sem auðvelt er að skipta út þannig að það verða enginn ummerki eftir veggina,“ útskýrir Ragnar og fullyrðir að enginn vandi sé að endurhanna rými sem nota þessa tegund

veggja eða skilrúma. Góð reynsla er þegar komin af þessum nýju veggjum, sem mega nú þegar þola ágang nemenda Menntaskólans í Hamrahlíð og fá á næstunni það hlutverk að skilja að starfsmenn Reykjavíkurborgar við Höfðatorg.

-vbj



*Gæði og þjónusta
í meira en 50 ár!*



Renson loftunarristar



Gluggasmiðjan

Viðarhöfði 3 - Sími 577 5050 - www.gluggasmiðjan.is



GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Gluggar & hurðir

Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá **REHAU**

Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla

Sparaðu tíma • leitaðu tilboða netfang: gluggar@vortex.is



Kjarnagluggar Ekkert viðhald

Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is

Fjölbýlishús í Mánatúni

HVAÐ ER VERIÐ AÐ BYGGJA?

Íslenskir aðalverktakar eru nú að byggja fjölbýlishús við Mánatún 3 og 5. Húsin eru samföst með samtals 55 íbúðum.

Verkið skiptist í tvo hluta; Mánatún 3 sem er sex hæða hús þar sem íbúðir eru með sérinngangi af svalagangi og Mánatún 5 sem er nýu hæða hefðbundið stigahús.

„Íbúðir í Mánatúni 5 verða afhentar kaupendum í byrjun desember 2008 en íbúðir í Mánatúni 3 verða afhentar kaupendum í byrjun apríl 2009. Íslenskir aðalverktakar hafa frá árinu 1997 byggt í hverfinu um 300 íbúðir,“ segir Eyjólfur Gunnarsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðs-sviðs Íslenskra aðalverktaka.

Reiturinn sem byggt er á hefur verið kenndur við Bílanaust sem var á reitnum í eina tíð, auk bílaþvottastöðvar og Akoges-salarins. Á þessum reit verða byggðar um 200 íbúðir. Um þrjátíu manns eru á verkstað við vinnu þessar vikurnar en sú tala á eftir að tvöfaldast



Byggingaframkvæmdir standa nú yfir við Mánatún og vindur verkinu vel áfram.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Mánatún eins og byggingin verður í sinni endanlegu mynd.

þegar mest verður. Verkið gengur Sala íbúðanna hjá Íslenskum aðalverktökum er nýhafin.

- mnr

Takmarkað magn

Geggjuð LAGERÚTSALA

Sófar
Tungusófar
Hægindastólar
Borðstofustólar
Borðstofuborð
Eldhússtólar
Gjafavörur
Kerti
Luktir
Skápar
og fleira

20-50% afsláttur af Cílek

Barbie kofa kr. 27.450,-

20-70% afsláttur

Inngangur

HÚSGÖGNIN HEIM

Klettháls 13
mán.-fös. 10-18 lau. 12-16
Sími lagerútsölnnar er 660 0035

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opnið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

Svalt eða kalt á svölum

Svalirnar nýttar allt árið um kring.

Hvað er það sem Ísland og Finnland eiga sameiginlegt? Fyrir utan að bæði löndin telja sig eiga tilkall til hins eina sanna jólasveins er óneitanlega hægt að fullyrða að veðurblíða er ekki helsta aðráttarafi þessara landa vetrarmyrkurs, vætu og kulda.

Til þess að njóta frekar en blóta hafa Finnar verið duglegir að finna leiðir til að njóta útiveru á óhefðbundinn hátt. Allir þekkja sögur af finnsku sauna en nú er önnur finnsk hefð að verða vinsæl hér á landi. Sífelld fleiri hús- og íbúðaeigendur velja að loka svölum sínum með svalagleri.

Svalagler er tiltölulega ódýr og hentug leið til að nýta rými á svölum og útipöllum sem annars eru köld og blaut. Aðrir kostir svalaglers eru að með því næst einangrun sem kemur í veg fyrir leka, minnkar viðhald á svalagólfum og gluggum, dregur úr umhverfishávaða og minnkar hættu á innbrotum.

Svalagler spillir ekki útsýni og þegar veurguðirnir eru góðir er lítið mál að opna upp á gátt og hleypa sól og hlýrri golu inn. Er það ekki hugguleg tilhugsun að sitja á heitum svölum á köldu vetrarkvöldi, horfa á norðurljósin eða fylgjast með þeim úti sem eru að berjast við kuldan sem bitur?

- vaj



Með svalagleri næst einangrun sem hindrar leka og minnkar viðhald á svalagólfum og gluggum, svo fátt sé nefnt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Gæða hús handa þér

Bjálkahús ehf

Hefur skapað sér orð fyrir vonduð hús.

Hús okkar eru byggð til að endast.

Yfir fimnhunduð hús hafa verið byggð.

Íbúðarhús-bjálkahús-sumarhús
www.husogheimill.is

Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar.
HÚSOGHEIMILL - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5a, 110 R, s: 511-1818

Öflug í grunnvinnunni

„Við hjá Arnarverki þurfum öflug tæki sem eru í fremstu röð í jarðvegsvinnu. Lýsing hefur ávallt verið fyrsti kosturinn þegar við höfum þurft á fjármögnun að halda. Hjá Lýsingu er unnið hratt og vel úr okkar málum af einstöku starfsfólki sem hefur skilning á þörfum okkar.“

Ágústa Einarsdóttir fjármálastjóri, Arnarverk ehf



Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir



LÝSING

UMHVERFISVÆN EFNI FYRIR SUMARBÚSTAÐI

Í bústaðnum skiptir miklu máli hverskonar vörur eru notaðar við þriffin. Röng efnatökn getur auðveldlega heft niðurbrot í rotþróum og valdið stíflum. Umhverfisvæn hreinsiefni eru því bæði betri og öruggari kostur.

Økoren WC-hreinsir

Seigfljótandi WC-hreinsir sem fjarlægir fljótt og vel kalk, ryð og óhrainindi ásamt því að koma í veg fyrir ólykt.



Økoren upphvottalögur

Økoren upphvottalögur er hlutlaust hreinsiefni til handupphvotta og hreinsunar á öllum þvottheldum flötum.



Spartan umhverfisvænn báðherbergishreinsir

Umhverfisvænn báðherbergishreinsir vottaður af Green Seal í Bandaríkjunum. Er með náttúrulegum sýrum, sítrónusýru (8%) og þrífur vel sápuskánir, þurrkbletti og ryðsmit af flísum, salernisskálum og vöskum.



Økoren Universal alhliða hreinsiefni

Ahliða basískt hreinsiefni til daglegra nota á öllum þvottheldum flötum. Einnig kjörrið til þrifa á sápubornum og bónuðum gólfum.

BESTA

- hrein fagmennska!

Grundargötu 61 • Grundarfirði
Sími: 430 0000

Brekkustíg 39 • Njarðvík
Sími: 420 0000

Miðási 7 • Egilsstöðum
Sími: 470 0000

Ármúla 23 • Reykjavík
Sími: 510 0000



Fyrirhugaðar framkvæmdir á Tjarnarbíói hafa staðið til lengi og hafa margir komið að þeirri vinnu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Tjarnarbíó og framtíðin


Umræðan um framtíð Tjarnarbíós hefur verið í deiglunni um tíma. Stefnan er að Sjálfstæðu leikhúsin og Kvikmyndamiðstöð Íslands eigi sér þar samastað. Húsnæði Tjarnarbíós eftir hugaðar breytingar á að verða það vel búið að hægt verði að starfrækja þar fjölbreytta menningarstarfsemi árið um kring.

„Lagt er upp með að upphaflegt útlit hússins varðveitist,“ segir Vilhjálmur Hjálmarsson arkitekt hjá Teiknistofunni Óðinstorgi, sem hefur komið að endurhönnun Tjarnarbíós. Vilhjálmur er ekki óvanur samþæringum verkefnum þar sem hann kom að endurhönnun á Austurbæjarskóla á sínum tíma.

„Þegar eldri byggingar eru lagaðar að breyttum kröfum nútímans er mikilvægt að taka mið af sögulegu gildi þeirra. Upphaflega var byggingin einn geimur og var notuð sem íshús frá árinu 1913, en árið 1942 var húsinu breytt í kvikmyndahús og eru flestar innréttingar hússins frá þeim tíma. Tjarnarbíó var fyrsta bíóhúsið sem byggt var hér á landi eftir að Fjalakötturinn reis.“

Margir eru á því máli að fyrirhugaðar breytingar á Tjarnarbíói séu löngu orðnar tímabærar. Endurbæturnar snúa einkum að því að koma bruna- og ferlimálum í viðunandi horf. Hugað verður að aðkomu fatlaðra og aðstöðu fyrir leikara og annarra sem munu vinna í húsinu. Gert verður ráð fyrir góðri búninga- og leikmyndageymslu. Áhersla er á að húsið nýtist jafnt fyrir leik-, dans- og kvikmyndasýningar. Tæknimál hússins verða þannig úr garði gerð að húsnæðið nýtist líka vel fyrir ráðstefnur og aðra tengda starfsemi.

„Neðri hluta salarins verður breytt þannig að



Vilhjálmur Hjálmarsson hefur komið að endurhönnun Tjarnarbíós.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Aino Freyja Jarvela vill gera Tjarnarbíó að miðstöð grasrótastarfs og nýsköpunar í ólíkum listgreinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

möguleiki verður á því að haga sætaskipan að vild. Auk þess eru hugmyndir um að byggja viðbyggingu í portið og gera hana að aðalaðkomu hússins,“ nefnir Vilhjálmur.

Aino Freyja Jarvela, leikkona og formaður Sjálfstæðu leikhúsanna, segir að kaffihús eigi að vera í yfirbyggða portinu og hugmyndin er að þar verði hægt að halda kvikmyndasýningar og reka þar kaffibíó, sem mun þá verða nýjung hér á landi. „Markmiðið er að gera Tjarnarbíó að lifandi miðstöð grasrótastarfsins í leiklist, kvikmyndum, dansi og tónlist og þeirrar nýsköpunar sem tengist þessum listgreinum,“ bendir hún á.

Fyrirhugaðar framkvæmdir á Tjarnarbíói hafa staðið til lengi og hafa margir komið að þeirri vinnu. Reykjavíkurborg hefur komið að rekstri hússins með árlegum styrk en Bandalag atvinnuleikhópa hefur verið rekstraraðili hússins.

Síðustu ár var óskað eftir fjármagni frá menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg til að gera úttekt á breytingum á Tjarnarbíói. og ef allt gengur að óskum er von margra að nýtt og endurbætt Tjarnarbíó verði opnað í mars á næsta ári. Tjarnarbíó mun þá hýsa hina nýstárlegu leiklistarhátíð Lókal, sem jaðarleikhús víðs vegar að úr heiminum taka þátt í.

Það er ánægjuleg tilhugsun að vita til þess að í nánustu framtíð eigi að vera hægt að ganga að skipulagðri starfsemi Tjarnarbíós vísri líkt og hátturinn er á hjá stóru leikhúsunum í landinu.

-vg



Væri ekki betra að nota **réttu tækin** í verkið?

Við höfum yfir að ráða fjölda sérhæfðra vinnulyfta sem henta vel við ýmsar erfiðar aðstæður og spara þér uppsetningu á vinnuþöllum. Þjódum upp á flestar gerðir af smágröfum og beltaborum ásamt jarðvegspjöppum, völturum og fleiru.



Með því að nota réttu tækin er að hægt að tryggja góða vinnuáðstöðu í erfiðum verkefnum sem bæði létta vinnuna til muna og spara mikinn tíma. Vinnulyftur eru umboðsaðili fyrir tæki frá traustum og virtum framleiðendum og veitir viðskiptavinum sínum góða og örugga þjónustu.

Við þjódum vinnulyftur og jarðvegstæki til **leigu og sölu**
Vinsamlegast hafið samband og fáid tilboð í síma 544 8444



SKYJACK nitylift TEREX DEMAG BOMAG

Tæki til leigu

Vinnulyftur leigja út vinnulyftur, jarðvegstæki og lyftara af ýmsu tagi fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Hvort sem þig vantar léttar skæralyftur, bómulyftur, stökklyftur eða minni jarðvegstæki, þá getur þú leigt tækið hjá okkur.

Tæki til sölu

Vinnulyftur selja bæði notuð og ný tæki. Við erum viðurkenndur söluaðili á Íslandi fyrir Skyjack og Terex. Höfum ávallt fjölda tækja á lager en einnig er hægt að fá sérpantanir afgreiddar með stuttum fyrirvara.


Vinnulyftur
- vélar í verkið þitt

LO, ALVÖRU Luxus

HEIMILISTÆKI Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI



KitchenAid



GAGGIA



Saeco



SEVERIN



Amana



Blomberg



De Dietrich



Brandt

SJÓNVÖRP OG HLJÓMTÆKI SEM SKARA FRAMÚR



CANTON



DENON



TOSHIBA

WOSAB



Munið einnig eftir vönduðu olíufylltu ofnunum frá WOSAB og norsku hágæða OSO hitakútunum.



VANDAÐU VALIÐ, KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ
HJÁ OKKUR EÐA Á VEFNUM ef.is



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • www.ef.is

oup

Þjóðlegt fjárfestingarfélag. Það var á þeim andlitið á bak við var Hannes Smárason FL Group, afsögn Hannesar og björgunar- ant að því að taka félagið af markaði.

króna. Það er lækun um 234 milljarða króna á átta mánuðum. Það munar um minna. Það er ekki einfalt mál að afskrá félag eins og Páll Harðarson, aðstoðarforstjóri Kauphallarinnar, útskýrir hér til hliðar. Ljóst er að gæta verður að hag minni hluthafa þegar þeir stóru taka svo afdrifaríkar ákvarðanir. Hvaða leið verður farin er óljóst. Hvort menn hætti við er líka óljóst. Hins vegar er ljóst að þolinmæði stærstu eigenda gagnvart FL Group er svo til á þrotum. Menn þurfa nú að beina kröftum sínum að öðrum og ekki síður mikilvægum hlutum. Hræringar á öllum mörkuðum krefjast þess.

ÞRÓUNIN 03 TIL 2004	
fyrir skatta	1,4
	4,3
	18,7
	14,7
	-79,8
gnir	37,3
	43,5
	132,6
	262,9
	422,3
	28,1
	28,7
	58,2
	120,2
	266,5
igin fjár	13%
	30%
	39%
	41%
	-45%

JÚLÍ 2006
Magnús Kristinnsson og Kristinn Björnsson selja FL Group Straumsbréf og eignast samanlagt tæp 25 prósent í FL.

MAÍ 2006
FL Group hefur starfsemi í London

OKTÓBER 2006
FL Group selur Icelandair Group og fjarlægist þar með reksturinn sem félagið byggðist upp á.

DESEMBER 2006
Hlutur FL Group í Glitni kominn í 30 prósent. Hannes Smárason valinn viðskiptamaður ársins af dómnefnd Markaðarins.

FEBRÚAR 2007
FL Group skilar met-hagnaði; 44,6 milljörðum króna. Félagið orðið stærsti hluthafinn í AMR.

MARS 2007
Fons Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar selja allan hlut sinn í FL Group fyrir tæpa níu milljarða króna. Gengið 29,5.

APRÍL 2007
FL Group tilkynnir um þrjú prósent eignarhlut í Commerzbank. Markaðsvirðið er um 63 milljarðar króna.

SEPTEMBER 2007
FL Group eignast tæp 38 prósent í Tryggingamiðstöðinni. Félagið í framhaldi yfirtekið og afskráð. Hluturinn í Commerzbank kominn í 4,25 prósent.

NÓVEMBER 2007
FL Group tilkynnir að félagið hafi tapað 27 milljörðum á þriðja ársfjórðungi. Félag hafa lækkað snarpt í Kauphöll.

DESEMBER 2007
Uppstokkun í eignum á FL Group. Baugur kemur félaginu til bjargar með aukni fjármagn í formi fasteignafélaga og fær hlutabréf í staðinn.

DESEMBER 2007
FL Group hefur selt stóra eignarhluti í AMR og Finnair. Síðar eru hlutir Commerzbank einnig seldir.

MARS 2008
FL Group tilkynnir um mesta tap eins íslensks félags á einu ári. Nam það rúmum 67 milljörðum króna árið 2007.

Nokkrar leiðir við að afskrá félag

Kauphöll Íslands getur ákveðið að stöðva afskráningu félags af skipulögðum hlutabréfamarkaði ef það er talið ekki þjóna hagsmunum minni hluthafa. Þetta segir Páll Harðarson, aðstoðarforstjóri Kauphallarinnar.

Hann segir nokkrar útfærslur á því hvernig staðið er að afskráningu félags.

„Í fyrsta lagi getur stjórn félagsins sótt um afskráningu og afskráð félagið með þeim hætti. Þá eiga hluthafar bréf í óskráði félagi með þeim ókostum sem því fylgir; minni upplýsingagjöf, minna gegnsæi og viðskipti eiga sér ekki lengur stað stað á skipulegum verðbréfamarkaði.

Í öðru lagi þá geta þeir sem hafa hug á að afskrá félagið ákveðið að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð og skráð síðan félagið af markaði. Þetta er leið sem lang flestir hafa farið.

Þá eru eftir tvær leiðir mögulegar. Annars vegar geta þeir sem hyggja að yfirtöku verði yfirtökuskyldir þegar tilboðið kemur fram. Þá gilda ákveðnar reglur um verðlagningu. Þeir verða þá að greiða

hæsta verð sem þeir hafa greitt síðustu sex mánuði. Nú eða hæsta verð daginn áður en yfirtökuskylda myndaðist.

Á hinn bóginn gæti yfirtökutilboðið verið valfrjálst. Þá gilda þessar reglur ekki heldur gerir viðkomandi einfaldlega bara tilboð í bréf hluthafa sem hann telur nægjanlegt til að fá þá til að selja bréfin,“ segir Páll.

Þessi ferill getur tekið einn til þrjú mánuði að sögn Páls.

PÁLL HARÐARSON



MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Ekki sér fyrir endann á vandræðum vegna kerfisvanda bandaríks fasteignamarkaðar sem hefði átt að vera augljós.

Bjánaskapur ógnar fjármálakerfi heims

Óli Kristján Ármannsson

Engum blöðum er um það að fletta að enn eru ekki öll kurl komin til grafar vegna undirmálsánaklúðursins í Bandaríkjunum. Fjárfestar með hland fyrir hjartanu eftir hrakfarir ameríska bankans Bear Stearns stuðluðu meðal annars að hrúni krónunnar í byrjun vikunnar.

Helstu áhyggjur fjármálaheimsins varðandi þróun mála snúa hins vegar núna að fjármálatryggingafyrirtækjum þeim sem ábyrgjast skuldabréfaviðskipti. Um slíkar upphæðir er að ræða í þessum viðskiptum að erfitt er að gera sér í hugarlund. Nú er staðan sú að komist eitthvert þessara fyrirtækja í slík vandræði að alþjóðleg matsfyrirtæki lækki lánshæfismatseinkunn þeirra, mun slíkt endurmat á lánshæfi ganga yfir öll skuldabréf og skuldabréfavöndla sem viðkomandi fyrirtæki er í ábyrgð fyrir og rýra verðgildi þeirra. Atburðarás sem þessi væri alvarleg og kynni að vinda upp á sig með afgerandi hætti, jafnvel þannig að heilu bæjarfélögin vestra færu á hliðina. Um leið er það þannig að vandamálin virðast mest í Bandaríkjunum, og réttilega, því þar eru upptökin. Vandinn er bara sá að vegna þess hve Bandaríkin veða þungt í viðskiptum heimsins er þeirra vandi allra vandi.

Undirmálsánakreppan og lausafjörvandinn heimsins sem af henni er sprottinn er þannig vaxið mál að ólíklegt er til að draga úr fordómum í garð Bandaríkjamanna, sem stundum hafa verið orðaðir við heimsku, skamsýni og græðgi. Vestra fengu fasteignamiðlari lausan tauminn í að selja Pétri og Páli endurfjármögnunarlán með fasteignaveði og fengu greitt fyrir afköst í sölu. Upp úr þessu umhverfi spruttu ævintýralega góð kjör á fasteignalánum þar sem jafnvel þurfti ekki að byrja að greiða af lánum fyrir en eftir eitt til tvö ár og lítið að því gætt hverjum væri verið að lána peninga og út á hvaða veð. Miðlurunum var nokk sama, þeir fengu greitt per samning. Til voru orðin undirmálslán. Síðan tóku bankarnir ytra við undirmálslán og vöndluðu þeim saman í skuldabréfavafninga sem fengu hið fagra heiti CDO, voru áferðarfallegir mjög. Alþjóðleg matsfyrirtæki féllu í þá gryfju að gefa þeim góða einkunn og vafningarnir því taldir afar góður fjárfestingarkostur.

Bloomberg lýsti á mánudag viðhorfi á fjármálamörkuðum til íslensks efnahagslífs og banka. Þar meta menn það svo að hátt skuldatryggingarálag sé til marks um að menn telji einhvern banka hér jafnvel eiga á hættu að komast í þrot. Virðist engu breyta um þetta viðhorf þótt ríkið sé nær skuldlaust og bankarnir árétti góða lausafjárstöðu og fjármögnun starfsemi langt fram í tímann, auk þess sem þeir séu lausir við áhættu af fyrrnefndum undirmálslánum og hafi ekki tekið þátt í slíkum „fjármála-gjörningum“ með amerískum og sum evrópskum kollegum sínum.

Svartnættið er hins vegar ekki algjört því greinendur hafa sumir hverjir loks áttað sig á að skuldatryggingarálag á evrópska banka er komið út úr öllu korti. Þannig segir í greiningu Merrill Lynch fyrir sléttri viku að nú fari að liða að viðsnúningi hvað evrópska banka ræðir og mælir greiningardeildin með kaupum í mörgum stórum bönkum á meginlandinu. „Við gerum okkur ljóst að hlutir gætu enn færst til verri vegar áður en þeir batna. Um leið höfum við í huga að ef til vill er aldrei hægt að tímasetja nákvæmlega hvenær viðsnúningur verður,“ segir þar. Farið er yfir aðgerðir evrópskra banka til að bregðast við lausafjárskorti og meðal annars tínt til hvernig Kaupþing hætti við kaupin á NIBC, Landsbankinn hafi hætt við kaup á bankastarfsemi Close Brothers og hvernig Glitnir hafi lokað útibúi í bankans í Kaupmannahöfn og ætli að einbeita sér að kjarnastarfsemi á árinu. Aðgerðir evrópskra banka eru kallaðar „hikandi skref til veraldar nýrrar og góðrar“.

bjorgvin@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

Rekstrarverkfræðistofan
Annar hf
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.isÁrsreikningar
Bókhald
Skattframtöl

Hjartastopp – PAD hjartastartari

Fljótverkara og einfaldara verður það varla

Nú þegar eru fjöldi Íslendinga í fullu fjöri sem startað hefur verið í gang með hjartastörturum frá Donnu. Vertu viðbúinn og fáiðu þér strax Samaritan PAD hjartastartara.

**Donna**

Sími 555 3100

Sýnikennsla á www.donna.is

Að loknu Viðskiptaþingi

ORD Í BELG

Erlendur
Hjaltason
formaður
Viðskiptaráðs
Íslands

Fyrir rúmum mánuði síðan hélt Viðskiptaráð Íslands árlegt Viðskiptaþing sitt undir yfirskriftinni „Íslenska krónan: byrði eða blóraböggull?“. Yfirskrift þingsins vísaði til þess mikla óróa sem einkennt hefur krónuna síðastliðin misseri. Það verður skýrara með hverjum mánuðinum hversu mikilvægt málefni er hér á ferð enda er það fæstum óviðkomandi. Hvort sem horft er til lánakjara einstaklinga, innlands verðlags, stöðugleika í rekstri alþjóðlegra fyrirtækja, aðgengis að fjármagni eða almenns efnahagslegs stöðugleika er ljóst að breytinga er þörf. Það ætti að vera markmið stjórnvalda að hér verði rekstrarumhverfi fyrirtækja eins og það gerist best annars staðar og fyrirkomulag peningamála hlýtur þar að vera efast á baugi.

Vandamál tengd íslensku krónunnar hafa ekki minnkað á þeim tíma sem liðinn er frá þinginu. Aukin áhættufærni á fjármálamörkuðum og vaxandi áhyggjur af samdrætti í alþjóðahagkerfinu hafa leitt til þess að krónan hefur veikt um 20 prósent á þessum stutta tíma. Ef ekki kemur til snöggrar gengisstyrkingar á næstu vikum er fyriséð að verðbólga aukist, nema aðlögun fasteigna- og vinnumarkaðar verði þeim mun hastarlegri. Það er því ólíklegt að baráttu Seðlabanka Íslands við verðbólguna beri árangur í náinni framtíð.

Að sama skapi liggur fyrir að Seðlabankinn getur ekki með góðu móti lækkað stýrivexti sína, enda verðbólga langt yfir markmiðum bankans og íslenska krónan í hraðri veikingu. Atburðir síðustu vikna benda því til alvarlegs skipbrots peningastefnu bankans. Þannig telja fjárfestar eyri sínum betur borgið í erlendum myntum þrátt fyrir vaxtamun sem nemur rúmlega 10% á ári og þar með hefur síðasta vígið í baráttu bankans við að halda verðlagi stöðugu fallið.

Það er flestum ljóst að aukinn efnahagslegur stöðugleiki er grundvallarforsenda þess að ís-

lenska krónan eigi sér von um framtíð. Til að svo megi verða er brýnt að stjórnvöld gripi til markvissra aðgerða til að styrkja hagstjórn og auka á trúverðuleika peningastefnunnar. Í skýrslu Viðskiptaráðs til Viðskiptaþings 2008 er gerð grein fyrir mörgum slíkum aðgerðum. Meðal þess helsta má nefna auknið aðhald í útgjaldaþróun hins opinbera, tilfærslu stórra atvinnuverkefna frá hinu opinbera til einkaaðila, endurskoðun á fyrirkomulagi Íbúðalánasjóðs, stóruaknum sveigjanleika stjórnvalda gagnvart alþjóðlegum fyrirtækjum, niðurfellingu innflutningshindrana og afnámskröfna á erlendum fjárfestingum. Þetta er hluti af þeim brýnu verkefnum sem fyrir stjórnvöldum liggja, hvort sem ákveðið verður að halda krónunni eða kasta. Í því samhengi er mikilvægt að stjórnvöld gripi til aðgerða sem allra fyrst, enda aðstæður á mörkuðum afar krefjandi um þessar mundir.

Ýmislegt bendir til þess að hag Íslendinga verði betur borgið til framtíðar með upptöku evru. Til að það borgi sig fyrir Íslendinga að halda eigin mynt verður ávinningur sjálfstærðrar peningastefnu að veða þyngra en fórnarkostnaður hennar. Það eru margir annmarkar á því að reka sjálfstæða peningastefnu í jafni opnu og sveiflukenndu hagkerfi og það íslenska er. Ef ekki reynist unnt að byggja upp trúverðuleika peningastefnu Seðlabanka Íslands er líklegt að ábati af sjálfstærðri peningastefnu sé hverfandi. Undir þeim kringumstæðum er hagkvæmara að afsala sér sjálfstæði í peningamálum og taka upp aðra mynt. Í ljósi þess að meirihluti utanríkisviðskipta Íslendinga er

við lönd innan evrópska myntbandalagsins væri evran heppi- legasti kosturinn.

Afsal á eigin mynt og samruni við stærra myntsvæði leiðir til hagræðis enda minnkar bæði gengisáhætta og viðskiptakostnaður. Að sama skapi myndi upptaka evru lækka vaxtastig, auka utanríkisviðskipti og dreifa áhættu hagkerfisins með meiri erlendri fjárfestingu. Enn fremur hefur mikill vöxtur íslenska bankakerfisins leitt til þess að staða Seðlabanka Íslands sem lánveitandi til þrutarvarara er ekki eins traust og áður. Með það í huga væri mikill akkur fyrir íslenskt fjármálakerfi ef Seðlabankinn fengi bakhjarl í evrópska seðlabankanum.

Af þeim leiðum sem eru færar er aðild að myntbandalagi Evrópu tvímælalaust hagkvæmasti kosturinn. Ekki liggur fyrir hvort aðgengi að evrópska seðlabankanum sem lánveitandi til þrutarvarara væri til staðar með nokkrum öðru móti. Að sama skapi væri beinn kostnaður annarra leiða, til að mynda vegna myntsláttuhagnaðar og upphaflegra myntskipta, þó nokkur. Að lokum má gera ráð fyrir að nafnvextir á Íslandi yrðu hærri en á evrusvæðinu ef notast yrði við myntsláttu eða einhliða upptöku evrunnar. Það er hinsvegar ljóst að meginskilyrði fyrir þátttöku í myntbandalagi Evrópu er aðild að Evrópusambandinu.

Innganga í Evrópusambandið hugnast ekki öllum. Í því samhengi er mikilvægt að skoða sérstaklega hagsmunir íslensks sjávarútvegs, enda sjávarútvegur meðal mikilvægustu atvinnugreina landsins. Það liggur að sama skapi fyrir að innganga í Evrópusambandið og upptaka evru ætti sér ekki stað á einni nóttu. Samninga- og samrunaferlið gæti líklega tekið þrjú til fimm ár. Þetta má þó ekki að nýta sem afsökun til að ýta umræðunni á undan sér. Sú staðreynd að fimm ár gætu liðið frá því Ísland ákvæði að sjækja um aðild að Evrópusambandinu þar til það væri fullgildur meðlimur sambandsins og myntbandalagsins ætti þvert á móti að hvetja stjórnvöld til að komast að niðurstöðu sem fyrst.

Hvert sem markmiðið verður er skýr stefnumörkun alltaf vænlegur kostur. Sitji stjórnvöld með hendur í skauti er hætt við því að evra verði tekin upp með óskipulögðum og óformlegum hætti. Þar með væri tækifæri stjórnvalda til að stýra atburðarásinni glatað og þau gætu neyðst til að fylgja þróuninni eftir í stað þess að leiða hana.



Á VIÐSKIPTAÞINGI 2008 Staða krónunnar var í brenniþepli á Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs í febrúar. Hér stinga saman nefjum í ráðstefnulok Róbert Wessman, fjárfestir og forstjóri Activis, Árni Oddur Þórðarson, framkvæmdastjóri Eyris Invest, og Þórður Magnússon, stjórnarformaður Eyris. MARKAÐURINN/GVA

ORDSKÝRINGIN

Gjaldmiðlaskiptasamningar

Gjaldmiðlaskiptasamningar, eða *currency swap* upp á enska tungu, fara fram á millibankamarkaði, en hér var slíkur markaður stofnaður seint á árinu 2001. Slíkir samningar fara fram „á milli tveggja aðila sem eiga viðskipti með gjaldmiðla á stundargengi og skuldbinda sig til að láta viðskiptin ganga til baka að ákveðnum tíma liðnum á framvirku gengi. Framvirka gengið er reiknað út frá stundargengi, vaxtamun og dagafjölda samnings,“ segir í lýsingu Seðlabankans á þessum viðskiptum, en fjallad var sérstaklega um þennan markað í þriðja tölublaði Peningamála árið 2002. Á gjaldmiðlaskiptamarkaði eru sömu aðilar og á gjaldveyrismarkaði; Kaupþing, Glitnir, Landsbankinn og Seðlabanki Íslands. „Aðilar markaðarins, að Seðlabanka Íslands undanskildum, eru skuldbundnir til að birta bindandi tilboð í samninga frá einni viku til eins árs. Hlutverk Seðlabankans er að skipuleggja markaðinn. Seðlabankinn birtir



ekki tilboð á markaðnum en getur þó átt viðskipti við aðila markaðarins ef honum sýnist svo,“ segir á vef Seðlabankans.

ÚTGAUFÉLAG: 365 - prentmiðlar RITSTJÓRI: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN: Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsvinsson, Óli Kristján Ármannsson, Jón Skaltason, Sindri Sindrasón AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Láufald RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaltahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 512 5000 SÍMBREFF: 512 5301 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFFANG: vísir.is UMBROT: 365 - prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafreinu formi og í gagnabönum án endurgjalds.

SAGAN Á BAK VIÐ ... KARL WERNERSSON Í MILESTONE



KARL WERNERSSON Sinnir stjórnarformennsku allra félaga Milestone. MARKAÐURINN/VALLI

Sonur apótekarans

Íslenskar eignir fjármála-fyrirtækisins Milestone verða frá og með þessu ári færðar undir sænsku fjármálasamtæðuna Invik, dótturfélag Milestone. Eftir þetta verða öll fyrirtæki Milestone dótturfélög Invik. Í þeim hópi eru meðal annars félögin Sjóvá, Askar Capital og Avant.

Maðurinn á bak við þessi félög heitir Karl Wernersson.

Karl er fæddur árið 1962, sonur Werners Rasmussen, apótekarar í Reykjavík. Karl útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1986. Eftir það varð hann millistjórnandi í ýmsum félögum, þar á meðal fjármála-stjóri hjá Apple á Íslandi og fyrirtækinu Örtölvutækni.

Peir feðgar, Karl og Werner, keyptu síðan Örtölvutækni. Reksturinn gekk ekki alltaf vel og á fyrri hluta tíunda áratugarins lenti fyrirtækið í greiðslustöðvun.

Peir sem til þekkja segja að þetta hafi verið Karli mikill skóli. Werner dró sig síðan út úr viðskiptum en hefur fylgst vel með síðan. Karl fór hins vegar að huga að fjárfestingum. Hermt er að Werner sé sterkefnaður, en fjölskylduauðinn hafa Karl og systkini hans ávaxtað vel.

Karl var í hópi stofnenda Lyfja

og heilsu og forstjóri þess frá árinu 1999. Hann er nú stjórnarformaður fyrirtækisins, sem rekur þrjátíu apótek hér á landi, auk þess sem Milestone á ríflega 200 apótek í Austur-Evrópu.

Karl sat í stjórn samheitalyfjafyrirtækisins Delta sem síðar sameinaðist Pharmaco og varð Actavis. Milestone seldi hlut sinn í fyrirtækinu þegar það var tekið af markaði.

Undanfarin ár hefur Karl eingöngu sinnt fjárfestingum í gegnum félagið Milestone.

Upp úr aldamótum fór Karl að fjárfesta í ýmsum fyrirtækjum. Hann eignaðist stóran hlut í Glitni banka og átti fimmtungshlut í honum í hitteðfyrri. Árið 2005 keypti Milestone tvo þriðju hluta í Sjóvá-Almennum og á nú félagið allt, og í hitteðfyrri stofnaði Milestone fjárfestingarbankann Aska Capital. Í fyrri var svo gert yfirtökutilboð í sænska fjármála-fyrirtækið Invik, sem hefur síðan eignast sautján prósentahlut í sænska fjárfestingarbankanum Carnegie.

Hermt er að Karl sé talnaglöggur og mjög hugmyndaríkur kaupsýslumaður. Hann var nýlega valinn viðskiptafræðingur ársins af dómnefnd á vegum Félagsskiptafræðinga og hagfræðinga. - ikh

SPÁKAUPMAÐURINN

Veislunni að ljúka

Aðalfundur íslensku fyrirtækjanna hafa alltaf heillað mig. Enda skiptir þar engu hversu stóran hlut maður á, eitt skitið bréf er ávísun á góðgæti og vín í kannske klukkutíma eftir að formlegum aðalfundi lýkur. Sem er ágætistími sem nýta má í spjall við vini og kunningja.

Verstu aðalfundirnir eru klukkan tvö og þrjú. Svo maður tali ekki um aðalfund að morgni. Þá hunsu ég algjörlega. Kaupþing, ha? Aðalfundur klukkan 8.15. Hvað gekk þeim til?

Á morgunfundir er illa mætt, fundirnir stuttir og yfirleitt fátt í boði fyrir utan kex, smákökur og kaffi. Sem minnir svolítið á fund hjá Félagi eldri borgara. Gott ef nályktin liggur ekki í loftinu.


Ekki eru fundirnir mikið skárri um fimmleytið á virkum dögum enda langar mann í svolítið meiri rauðan lit í glasið þegar stjórnin er horfin á braut og forstjórnin að ræsa bílinn. Rétt eins og á aðalfundi FL um daginn þar sem stjórnin settist niður strax að fundi loknum – og ræddi um hugsanlega afskráningu á bak við luktur dyr, ef marka má nýjustu

fréttir. Þar voru fáir í góðum gir, nema ef vera skyldi Gunni Sig sem er alltaf í stuði.

Aðalfundur Alfesca og Bakkavarar eru alltaf bestir. Þar er líka foie gras af vel öldum öndum, risarækjum og öðru framandi stöffi sem hvergi fæst – nema á uppsprengdu verði í Ostabúðinni á góðum degi fyrir jól. Bakkavararstöffið fæst reyndar hvergi hér. Kærkomin hvíld frá hversdagsamstrinu að taka þrjár heimsálfur með trompi og skola þeim niður með rauðu, hvítu og bjór eins og á föstudaginn. Árskýrslan spillti ekki fyrir enda flott lesning yfir bjór á 101 fram á kvöld.

Gott ef maður hefur ekki bætt á sig og verulega þælt í því að skreppa í afvötnun og ræktina eftir alla þessa aðalfundi upp á síðkastið. Reyndar spái ég því að á næsta ári verði meðlætið með minnsta móti og drykkjan eftir því. Ekki það að ég sé að taka mig á heldur segja mér það spádómarnir í botni rauðvinsglassins að samrunar verði í fjármálageiranum sem skili sér í færri fundum á næsta ári. Á þetta hef ég margoft bent á. Veislunni er að ljúka, tappinn að fara í flöskuna og síðasta kökusneiðin að hverfa af borðinu og ofan í maga. Í bili. Skál. Sjáumst á næsta aðalfundi.

Spákaupmaðurinn á horninu



Fjarskipti

Enn stækkar Fjarskiptageirinn með skráningu Skipta

Við bjóðum Skipti velkomid í Nordic Exchange. Skipti hf. er eignarhaldsfélag sem fjárfestir aðallega í fyrirtækjum sem starfa á sviði fjarskipta og upplýsingatækni. Nú þegar eiga Skipti fyrirtæki á Íslandi, í Danmörku, í Noregi og á Bretlandseyjum. Í dag, 19. mars verður Skipti skráð í Nordic Exchange á Íslandi, fyrst íslenskra félaga eftir að kauphöllin varð hluti af stærsta kauphallarfyrirtæki í heimi: NASDAQ OMX. Skipti flokkast sem meðalstórt félag og tilheyrir Fjarskiptageira.



SJÁVARÚTVEGUR



ISAD Á BRYGGJUNNI Verðmæti afla sem fluttur er óunninn úr landi hefur aukist mikið milli ára. Verðmæti sjófrystra afurða dregst nokkuð saman. MARKAÐURINN/GVA

Sjófrystingin verðminni

Aflaverðmæti sjófrystra afurða í fyrra nam tæpum 25 milljörðum króna í fyrra og dróst saman um tæplega fjögur prósent, miðað við árið á undan, að því er fram kemur í tölum Hagstofunnar.

Ríflega þrettán prósent aukning varð á verðmæti afla sem seldur er beint til vinnslu hér. Hann nam 32 milljörðum í fyrra. Verðmæti afla sem seldur var á markaði til vinnslu innanlands jókst um fimm og hálf prósent og nam tæpum þrettán milljörðum. Verðmæti afla sem fluttur er óunninn úr landi jókst um næstum sjö prósent milli

ára og nam átta og hálfum milljarði króna.

Aflaverðmæti íslenskra skipa í heild nam 80 milljörðum króna á árinu 2007, samanborið við 76,2 milljarða á árinu 2006. Aflaverðmæti hefur aukist um 3,9 milljarða, sem nemur ríflega fimm prósentum milli ára.

Verðmæti botnfisks nam ríflega 60 milljörðum króna í fyrra og jókst um tæp fimm prósent milli ára. Þorskaflinn var tæplega 30 milljarða króna virði og jókst um tæp 7 prósent. Aflaverðmæti ýsu jókst um næstum þriðjung milli ára og var 14,5 milljarðar króna í fyrra. Verðmæti uppsjávarafla jókst um 15,5 prósent og nam fjórtán og hálfum milljarði króna. Þar munar mestu um loðnuna.

Hins vegar dróst verðmæti karfa saman um ríflega ellefu prósent og nam tæpum sex milljörðum króna. Svipaða sögu er að segja af ufsanum. Verðmæti hans dróst saman um tæplega tíu prósent milli ára. Sama er um síldina að segja. Aflaverðmæti flatfisks dróst saman um næstum fimmtung. Aflaverðmæti rækju dróst einnig saman, um ríflega fimmtung. - ikh

VERÐMÆTIÐ

Verðmæti nokkurra tegunda og breyting milli ára:

Þorskur	29.466,10	6,8
Ýsa	14.504,00	27
Ufsi	4.240,50	-9,5
Karfi	5.798,30	-11,3
Úthafskarfi	1.835,60	-41,4
Síld	5.698,00	-10,2
Loðna	4.247,20	94,8
Kolmurni	3.002,80	-16,2
Rækja	225,6	-21,3

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

ORKA OG IÐNAÐUR

Óvirk samkeppni

Mjög fáir raforkukaupendur hafa skipt um raforkusala, frá því að samkeppnismarkaður hófst hér með raforku. Iðnaðarráðherra segir fjarri því að markaðurinn virki.

Ingimar Karl Helgason
skrifar

„Sjálfum fannst mér að ein meginniðurstaða hennar væri að samkeppni á raforkumarkaði væri fjarri því farin að virka sem skyldi,“ segir Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra um skýrslu ráðuneytisins um raforkumál.

Í skýrslunni kemur fram að í hitteðfyrri hafi um 600 heimili skipt um raforkusala, eða sem nemur 0,35 prósentum almennra raforkunotenda. „Munurinn á verði er samt svo lítil að það skipta nánast engir um orkusala,“ segir Össur.

Ný raforkulög tóku gildi um mitt ár 2003. Samfara gildistöku átti að hefjast hér samkeppnismarkaður. Frá 1. janúar 2006 áttu allir raforkunotendur að geta valið sér raforkusala.

Fram kemur í skýrslu iðnaðarráðuneytisins að fjöldi þeirra sem skipta um raforkusala sé nánast eini mælikvarðinn á samkeppni á raforkumarkaði.

Staðan sé töluvert önnur annars staðar á Norðurlöndum. Frá ársbyrjun 2003 hafi Danir getað valið sér raforkusala. Þar hafi 1,5 prósent notenda skipt um raforkusala í hitteðfyrri.

Tæp fjögur prósent Finna skiptu um raforkusala á sama ári.

Frá árinu 1997 hafa allir norskir raforkunotendur getað valið sér orkusala. Í hitteðfyrri skiptu 11,5 prósent raforkunotenda um sölufyrirtæki og 7,8 prósent Svía.

Fram kemur í skýrslunni að hátt hlutfall Finna og Svía semji beint við seljanda sinn um lækkun á taxtaverði. Sambærilegar upplýsingar um slíka samninga hérlendis liggi ekki fyrir hjá Orkustofnun.

„Hlutfallið er mun hærra í nágrannalöndunum, þar sem markaðurinn er þroskaðri. Í Noregi er hlutfallið til dæmis ríflega þrítugfalt meira. Þar telja neytendur greinilega að eftir einhverju sé að slægjast með því að velja nýjan orkusala. Það speglar væntanlega miklu þróaðri samkeppni, og meira hlaup í orkuverði milli fyrirtækja,“ segir Össur.

HVAÐ KOSTAR?*

Raforkusali	Kostnaður á ári	Dreifing**	Alls	Kr./ kWh***
Rafveita Reyðarfjarðar	19.104	28.822	47.926	3,33
Fallorka	19.620	28.822	48.442	3,42
Orkuveita Húsavíkur	19.620	28.822	48.442	3,42
Orkusalan	20.194	28.822	49.016	3,52
Orkuveita Reykjavíkur	20.194	28.822	49.016	3,52
Hitaveita Suðurnesja	20.538	28.822	49.360	3,58
Orkubú Vestfjarða	20.897	28.822	49.719	3,10

* Miðað er við 100 fermetra íbúð í fjölbýli í Breiðholti í Reykjavík. Stuðst er við reiknivél Orkustofnunar og Neytendastofu.

** Hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

*** krónur á kílóvattstund.



KVEIKTU Á PERUNNI Samkeppnismarkaður með raforku er lítt virkur. Íslenskir raforkukaupendur sjá ekki ástæður til að skipta um raforkusala, enda munar ekki miklu á verðinu.

MARKAÐURINN/PIETUR

Sjá má á töflunni að verðmunur milli orkusala er lítil. Sé miðað við ársnotkun í fjölbýli í Breiðholti munar innan við tvö þúsund krónum á hesta og lægsta verði á raforku, sem hleypur rétt undir 50 þúsund krónum, sé kostnaður við dreifinguna tekinn með. Fólk greiðir sérstaklega fyrir hverja kílóvattstund. Síðan þarf fólk að greiða svonefnt fastagjald, sem hjá Orkuveitu Reykjavíkur nemur 6.746 krónum, án virðisaukaskatts, auk gjalds fyrir hverja kílóvattstund, sem kostar meira en kílóvattstundin kostar að jafnaði frá seljandanum.

Hjörleifur Kvaran, forstjóri Orkuveitunnar, segir ekki skilja hvernig þeir sem kaupa raforkuna frá Landsvirkjun fari að því að bjóða svipað verð og Orkuveitan. „Við framleiðum sjálf um helminginn af því rafmagni sem við seljum almennum notendum. Það kostar mun minna en það sem við kaupum af Landsvirkjun og gerir okkur kleift að bjóða jafn lágt verð og raun ber vitni,“ segir Hjörleifur.

Markaðurinn í lok dags

Sindri Sindrason fer yfir viðskipti dagsins alla virka daga kl 16:45 á visir.is.

Fylgstu með Markaðinum í lok dags á visir.is og á Stöð 2 kl. 12.10 og 18.20.

visir.is
...ég sá það á visir.is



LANDBÚNAÐUR

Hrossakjöt selst sem aldrei fyrr

Sala hrossakjöts jókst um fjórðung í síðasta mánuði, miðað við sama mánuð í fyrra. Þetta kemur fram á vef Bændasamtakanna. Alls voru seld 73 tonn.

Framleiðsla á kjöti jókst um átta prósent í heildina. Mest er framleitt af alifuglakjöti, svo svíni og loks nauti. Kjötösalan dróst hins vegar almennt saman um fjögur prósent. Þetta má hugsanlega skýra með því að sprengidagur var í janúar í ár. Sala á alifugli jókst um fimmtán prósent milli mánaða.

Þegar árið er undir jókst kjötframleiðslan um tæp sex prósent, miðað við árið í hittiðfyrra. Yfir 630 tonn voru seld af því í febrúar. - ikh

FRAMLEIÐSLA OG SALA

Afurð	Framleiðsla í tonnum	Sala í tonnum
Alifuglar	635	632
Kindakjöt		599
Svín	492	492
Naut	312	279
Hross		73

HESTAR Í HAGA Sprenging hefur orðið í sölu á hrossakjöti. Fjórðungi meira seldist í síðasta mánuði en í sama mánuði í fyrra.



FÓLK Á FERLI

Nýtt skipurit hefur tekið gildi hjá Vátryggingafélagi Íslands (VÍS) og skiptist starfsemin í sex svið: Vátryggingasvið, tjónasvið, sölu- og þjónustusvið, fjárreiðusvið, upplýsingatæknisvið og starfsmannasvið. Yfirmenn sviða ásamt forstjóra skipa nýja framkvæmdastjórn VÍS.



GUÐMUNDUR ÖRN GUNNARSSON tók við starfi forstjóra VÍS 1. janúar síðastliðinn eftir að hafa starfað hjá Tryggingamiðstöðinni í 23 ár.



AGNAR ÓSKARSSON er nýr framkvæmdastjóri tjónasviðs VÍS. Hann hefur starfað hjá VÍS við hin ýmsu störf frá árinu 1990.



ANNA RÓS ÍVARSDÓTTIR er framkvæmdastjóri starfsmannasviðs. Hún hefur starfað hjá félaginu frá árinu 1999.



AUÐUR BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR er framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs. Hún hefur sinnt því starfi frá því í desember 2005. Áður starfaði hún sem kynningarstjóri hjá Olíufélaginu ehf.



FRÍÐRIK BRAGASON er nýr framkvæmdastjóri vátryggingasviðs VÍS. Hann hefur starfað hjá VÍS sem deildarstjóri í Tryggingaþjónustu VÍS frá árinu 2007.



KOLBRÚN JÓNSDÓTTIR er nýr framkvæmdastjóri fjárreiðusviðs. Hún hefur starfað hjá Glitni síðastliðin 12 ár við ýmis stjórnunarstörf.



ÓLAFUR JÓNSSON er framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs VÍS. Hann hóf störf hjá félaginu árið 2002 og hefur stýrt upplýsingatæknimálum félagsins.



FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

NET12

Notaðu vextina strax



Hleyptu vexti í reksturinn

Vertu með **Net12** netreikning hjá Byr og fáðu vextina greidda út mánaðarlega.

Fáðu háa ávöxtun

Net12 er óbundinn innlánsreikningur sem býður ávöxtun sambærilegri þeirri sem bundnir innlánsreikningar bjóða.

Reiknaðu dæmið til enda

Net12 er óbundinn hávaxta netreikningur sem þú stjórnar. Honum fylgir enginn kostnaður, ekkert úttektargjald og engin krafa um lágmarksinnborgun. **Og þú færð vaxtavexti af þeim vöxtum sem ekki eru greiddir jafnóðum út.**



Sími 575 4000 • byr.is

Net12 er rakin leið fyrir þau fyrirtæki og félagsamtök sem vilja fara í alvöru vaxtarækt með Byr.

DAÐUR Í LÍFI ...

Linda B. Gunnlaugsdóttir, forstjóra A. Karlssonar

06.15 Mætt í Rope yoga-setrið í Listhúsinu til Guðna. Er nýbyrjuð í Rope yoga og þetta eru frábærar 70 mínútur á morgnana.

07.30 – komin heim, hljóp í sturtu, morgunmatur og blöðin. Dóttirin sefur enda komin í páskafrí og því kom það í minn hlut að hleypa hundinum, henni Elju, út að pissa.

08.15 Mætt á skrifstofuna í Víkurhvarfinu, tölvupóstar lesnir, nokkur símtöl, pappírsvinna og gott kaffi.

09.30 Fundur í Besta í Ármúla 23. Góður fundur enda verið að ræða um sölumál. Ótrúlega gaman að koma við í búðinni í Ármúla og kem alltaf hlaðin út af alls konar góðri vöru enda starfsfólkið sérstaklega duglegt að selja mér vörur og hugmyndir.

11.00 Á leið upp í Víkurhvarf kom ég við í Lökkri og lét skola mestu drulluna af bílnum – það sást reyndar ekki 2 tímum seinna.

11.15 Komin í Víkurhvarfið aftur á skrifstofuna. Áfram símtöl og tölvupóstar. Ræddi við fjármálastjórnann okkar um gengið enda gífurleg sveifla þessa dagana sem hefur áhrif á allan rekstur.

12.00 Hádegismatur með starfsmönnum. Ljósmyndari Fréttablaðsins kom í miðjum klíðum og smellti af nokkrum myndum.

13.00 Tölvupóstar og símtöl. Stuttur símafundur við Færeyjar – sit í stjórn nýs félags þar, sem er mjög spennandi.

15.00 Fundur með markaðsstjóra og framkvæmdastjóra vegna keppni sem haldin verður í sýningarsalnum okkar á vegum Kaffibarþjónafélagsins og heitir Coffee and Good Spirits.

16.30 Páskabingó fyrir starfsmenn og fjölskyldur í sýningarsalnum okkar í Víkurhvarfinu, stjórnað af dótturinni Kristbjörgu og frænku Hórfu. Gífurleg þátttaka og mikið fjör. Allir komust í páska-skap.

18.30 Komin heim, skipt um föt og farið upp í hesthús. Útreiðartúrar í góðu veðri og síðan hestunum gefið.

20.30 Kvöldmatur í seinna lagi.



LINDA B. GUNNLAUGSDÓTTIR Önnur kafin allan daginn enda hafa sveiflurnar mikil áhrif á reksturinn. MARKAÐURINN/ARNPÓR



FÖGUR FLJÓÐ OG FORMÚLUBÍLL Upphafi keppnistímabilsins í Formúlu eitt var fagnað í veislu Stöðvar 2 Sport í Perlunni fyrir helgi. Þar var meðal annars til sýnis keppnisbíl Williams-liðsins frá því í fyrra. MARKAÐURINN/ANTON

Efla viðskiptatengslin í Mónakó

Formúla 1 er einhver vinsælasta sjónvarpsíþrótt heims. Hér mun áberandi hversu mikill áhugi er á sportinu meðal forsvarsmanna fyrirtækja.

Glamúr og peningar eru orð sem koma upp í hugann í tengslum við Formúlu 1 kappakstur. Mikið er enda í lagt við keppnishald og stjarnfræðilegar upphæðir kostar að þróa bíla og halda úti keppnisliði og fara með það um allan heim. Auga leið gefur að ekki er fyrir nema sterkfnaða með nær ótakmarkaðan frítíma að ætla sér að hlaupa heimshorna á milli til að styðja sitt lið. En svo gerir það kannski heldur enginn? Formúlutímabilið fór af stað af krafti í þessum mánuði. Fyrsta keppnin fór fram í Melbourne í Ástralíu um síðustu helgi og um næstu helgi verður svo keppt á Sepang-brautinni í Kúala Lúmpúr í Malasíu.

Gunnlaugur Rögnvaldsson, umsjónarmaður sýninga frá Formúlu 1 keppnum í sjónvarpi, segir liggja fyrir að áhangendur keppinnar séu af öllum þjóðfélagsstigum. „Formúla er fyrst og fremst sjónvarpsíþrótt. Hún er sýnd í yfir 200 löndum og vinsælasta áhorfsefnið fyrir utan Ólympíuleika og heimsmeistaramót í fótbolta sem koma á fjögurra ára fresti,“ segir hann. Eins segir Gunnlaugur ljóst að ekki þurfi að vera milljónamæringur til að skella sér á keppni. „Héðan eru til dæmis að fara hátt í hundrad manns á keppnina í Barcelona og það er ekkert endilega sterkfnað fólk. Hins vegar hefur fjöldi Íslendinga farið á Mónakó þar sem er meiri glæsileiki og dýrara að mæta. Bæði farið í einkaþotum, komið á eigin snekkjum og gist í höfninni sem kostar sitt og borgað dýru verði inn á skemmtistaði þegar mót standa yfir.“ Gunnlaugur segir tilfellið að þegar mót séu haldin í Mónakó þyki góður kostur að fara þangað til að ná í viðskiptasambönd. „Þetta er til dæmis mikið notað af kostendum Formúlu 1 liðanna, að bjóða til sín tignum gestum og fólk sem verið er að ná inn í viðskipti og þetta því sterkur vettvangur fyrir það.“ Um mótshelgi segir Gunnlaugur dýrtíð aukast mjög í Mónakó; hótélherbergi geti kostað allt upp í tvö til þrjú hundruð þúsund krónur og ekki auðvelt að komast að.

„Um allan heim þykir Formúlan hins vegar sterkur vettvangur til að heilla tilvonandi kúna í viðskiptalífnum og þá er ég að tala um forstjóra og framkvæmdastjóra,“ segir Gunnlaugur og bendir á að samkvæmt könnunum sem hann hafi látið Gallup gera hér í tví- eða þriggja áberandi hversu mikið



UMSJÓNARMENN Rúnar Jónsson og Gunnlaugur Rögnvaldsson lýsa Formúlunni í sjónvarpi. Gunnlaugur segir áberandi marga í hópi forsvarsmanna fyrirtækja vera Formúluáhugamenn. MARKAÐURINN/ANTON

af forstjórum og framkvæmdastjórum fylgist hér á landi með Formúlu 1. „Þegar buíð er að greina þessar kannanir, svo sem með tilliti til launa þeirra sem horfa á Formúluna, kemur í ljós að þau eru yfirleitt vel yfir meðallaunum. Svo eru framkvæmdastjórar fyrirtækja og þeir sem eru með einkarekstur mjög stór hópur áhorfenda.“

Gunnlaugur segir tilfellið enda vera að kostur og auglýsingar tengdar Formúlu 1 liðunum skili árangri. „Á keppnishelgum fylgjast um 200 milljónir manna með. Síðan má nefna lönd á borð við Spán, þar sem Fernando Alonso hefur orðið heimsmeistari tvö ár í röð, þar sem Formúla 1 þekktist ekki, en þeir fóru að sýna eftir að honum gekk vel. Þá náðu þeir sjötíu prósent áhorfi og sala á Renault-bílum rauh upp um mörg hundruð prósent. Svo eru fyrirtæki á borð við Baug sem eru að auka styrk sinn til Williams-liðsins vegna þess hve vel hefur gengið. Þeir hafa verið með Hamley's á bílnum, en salan hefur aukist svo mjög að þeir ákváðu að bæta við tveimur til þremur vörumerkjum til að auka veltuna.“ Þá bendir Gunnlaugur á að Salt Investments, fjárfestingarfélag Róberts Wessman, styrki ungan ökuþór, Kristján Einar Kristjánsson, til keppni í Formúlu 3, en þar sé vel þekktur stökkpallur fyrir öikumenn inn í Formúlu 1. „Þannig að hann sér markaðstækifæri í þessu.“

FRÍSTUNDIN

Stofnaði fyrirtæki utan um áhugamálið

„Ætli ég hafi ekki verið svona tólf, þrettán ára. Þá kom ég í Tömstundahúsið og rak augun í þessar græjur,“ segir Maurice Zschirp, starfsmaður upplýsinga- og tæknisviðs Kaupþings, Maurice er af þýsku bergi brotinn en flutti hingað til lands árið 1988.

Hann hefur frá unga aldri haft brennandi áhuga á fjarstýrdum flugvélum, og í seinni tíð, fjarstýrdum þyrilum. Þessar græjur voru hins vegar dýrar í þann tíð. „Ég þurfti samt ekkert að suða,“ segir Maurice, sem beði í skamma stund, fram að ferm-

ingu, áður en hann eignaðist sína fyrstu fjarstýrðu flugvél. Síðan hefur þetta áhugamál átt huga hans allan, svo mikið raunar, að undanfarin ár hefur hann farið utan og tekið þátt í heimsmeistaramótinu í þyrilflug. Og nú allra síðast stofnaði hann, ásamt félaganum, Þórði K. Einarssyni, fyrirtæki utan um áhugamálið.

„Félagið heitir Icecam. Við sérhæfum okkur í loftmyndatökum, tókum bæði myndbönd og ljósmyndir,“ segir Maurice. Hann keypti í samstarfi við félagan sinn fjarstýrða þyrilu frá Bandaríkjun-

um í þessu skyni. „Þetta er iðnaðargræja,“ segir Maurice og hlær. Hann segir að þeir félagar séu í raun í startholunum með fyrirtækið, en hafi þegar myndað brautir á golfvelli og síðan séu bæði verktakar og auglýsingastofur farin að taka eftir fyrirtækinu.

Maurice flaug flugvélum fram- an af, en fyrir fimm eða sex árum skipti hann yfir í þyriluna. „Það er meiri áskorun fólgin í því að fljúga þyrilunni en flugvélum. Það má stoppa hana í loftinu og hún getur flogið afturábak.

Maurice er félagi í Byt, sem er með malbikaðan flugvöll í Hafnarfirði. „Þetta er í raun eina aðstaðan sem við höfum fyrir þetta sport á höfuðborgarsvæðinu. Við höfum verið nokkrir í þessu, en þetta er að sækja í sig veðrið, enda er þetta orðið ódýrara en það var,“ segir Maurice.

Hann segist sjálfur hafa eytt lungunum af öllum sumrum í þetta áhugamál, frá því að hann var unglingur. Áhugamálið hafi bæði verið tíma- og peningafrekt, en umfram annað skemmtilegt.

- ikh



VINNAN ER HOBBÝ Maurice Zschirp gerir þyriluna klára til flugs.



HITTUMST Á HÆÐINNI

Þrjú þör keppast um að hanna og innrétta þrjú hús frá grunni

FYRSTI ÞÁTTUR Á
FIMMTUDAGINN KL. 19:50


skemmtilegri

FRÁBÆRT
ÞÁSKATILBOÐ
5.390 KR.

EXTRA BÍÓ

*á mánuði ef greitt er með
kreditkortí eða eingreiðslu.
3 mánaða binding.

BANKHÓLFID

Glatt á hjalla

Hluthafar Bakkavarar voru hest-ánægðir á aðalfundi félagsins í Þjóðleikhúsinu á föstudag í síðustu viku. Ágúst Guðmundsson, forstjóri félagsins, átti stórleik á Stóra sviðinu þegar hann lauk hefðbundinni tölu um ganginn á fyrirtækinu, gekk fram fyrir pontu og ræddi vítt og breitt um reksturinn næstu ár. Ekki minnkaði gleðin þegar Ágúst sleit fundinum og bauð gestum upp á veitingar. Bakkavör hefur í gegnum árin gert vel við hluthafa sína og virðist lítið lát á, því stjórnendur höfðu flutt inn bæði mat og kokka frá þeim



þremur heimsálfum sem félagið starfar í. Úrvalið var eftir því: þrjú hlaðborð með réttum frá hverri heimsálfu og kokkum sem fræddu gesti um töfra matargerðarlistarinnar.

Ekki feitir

Í gegnum árin hefur það af og til valdið miklum úlfabýti í samfélaginu þegar starfsmenn fjármálafyrirtækja fá kauprétt í félögum sem þeir starfa hjá. Hefur það nánast alltaf verið ávísun á mikinn hagnað þar sem gengið í slíkum samningum er hagstætt miðað við þróun á mörkuðum. Þannig fengu starfsmenn Kaupþings kauprétt í bankanum í desember 2006 sem þeir máttu nýta nú í febrúar að einum þriðja hluta. Hins vegar er ólíklegt að nokkur þeirra hafi nýtt sér þennan kauprétt. Gengið bréfanna í samningnum í ár var 830. Það er ekki gáfulegt að kaupa Kaupþingsbréf á því gengi þegar gengi bankans í febrúar var nær 700. Það eru sem sagt fleiri en stóru hákarlarnir sem verða fyrir bardinu á lækkunum þessar vikurnar. Fólkið á gólfinu missir líka spón úr aski sínum.

Samruni?

Í nokkurn tíma hefur verið rætt um mögulega samruna á fjármálamarkaði og þá helst horft til smærri fyrirtækja í þeim geira. Glöggir samsæriskenningsmiðir voru hins vegar ekki lengi að sjá út „líklegan“ samruna þegar Straumur-Burðarás frestaði aðalfundi sínum frá 3. apríl til 15. apríl og gefa lítið fyrir þær skýringar að yfirmenn bankans hafi ekki getað mætt á fyrri dagsetninguna sökum einhverra ána. Aðalfundur Landsbankans, sem raunar var fyrstur bankanna til að birta uppgjör í janúar, er nefnilega á dagskrá 23. apríl, og er bankinn þá síðastur í hópnum til að halda aðalfund. Væntanlega liggur þó fyrir 7. apríl hvort á dagskránni verður yfirtaka á Straumi, en þá verða tillögur til aðalfundar teknar fyrir í stjórn bankans.

7% er fall krónunnar á mánudag. Gengið hefur ekki fallið jafn mikið síðan flotgengi hennar var tekið upp fyrir sjö árum.

13,75% eru stýrivextir Seðlabanka Íslands.

8,5% er verðbólgan í mars, gangi spá Landsbankans um vísitölu neysluverðs eftir. Til samanburðar mældist verðbólgan 6,8 prósent í síðasta mánuði.

BROS

er lykillinn að góðu markaðsstarfi

Nú sem aldrei fyrr er ástæða til að spyrna við fótum og senda jákvæð skilaboð út í samfélagið. Það er fátt jákvæðara í markaðsstarfinu en að gefa merktar gjafa- og auglýsingavörur til að gleðja viðskiptavinina og skapa aukna viðskiptatryggð. Hvert skref sem tekið er til að kynna framleiðslu eða þjónustu þarf að vera úthugað og samstarf við fagaðila getur því skipt sköpum um árangur.



Vörulisti 2008


Nú er komin út nýr vörulisti Bros sem inniheldur hafsþjó af skemmtilegum hugmyndum fyrir markaðsstarfið. Fyrir utan að vera með eitt mesta úrval landsins af auglýsingavörum þá bjóðum við gjafavörur frá heimsþekktum framleiðendum eins og Stelton, Eva Solo og Rosendahl. Síðan erum við með fatnað frá vinsælum framleiðendum eins og Stormtech, Continental, Hummel og Fruit of the Loom. Þetta merkjum við síðan allt saman **-með þínu merki**

Hafðu samband og við finnum réttu lausnina sem hentar þínu fyrirtæki



Bros - Gjafaver ehf.
Norðlingabraut 14 • 110 Reykjavík
Sími 569 9000 • sala@bros.is • www.bros.is

– með þínu merki



Við stöndum upp úr

Markaðurinn, viðskiptablaðFréttablaðsins, er með 55% meiri lestur en Viðskiptablað Morgunblaðsins miðað við 20-45 ára en 46% meiri lestur miðað við 25-49 ára.



Viðskiptafréttir...

...alla daga